

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 2011 í máli nr. S-1957/2008:

Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Ásgeiri Jóhannessyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Tryggva Jónssyni

(Jakob R. Möller hrl.)

Kristínu Jóhannesdóttur

(Kristín Edwald hrl.)

og

Fjárfestingafélagið Gaumi ehf.

(Kristín Edwald hrl.)

Ár 2011, föstudaginn 9. desember, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara og dómsformanni, Sigrúnu Guðmundsdóttur, héraðsdómara, og Reyni Ragnarssyni, löggiltum endurskoðanda, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1957/2008: Ákærvaldið (Helgi Magnús Gunnarsson) gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni (Gestur Jónsson hrl.), Tryggva Jónssyni (Jakob R. Möller hrl.), Kristínu Jóhannesdóttur (Kristín Edwald hrl.) og fjárfestingafélaginu Gaumi (Kristín Edwald hrl.), sem tekið var til dóms hinn 20. október sl. að aflokinni aðalmeðferð en dómtekið að nýju í dag.

Málið var höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, dagsettri 18. desember 2008, á hendur ákærðu Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, kt. 000000-0000, Sóleyjargötu 11, Reykjavík, Tryggva Jónssyni, kt. 000000-0000, Vesturhúsum 22, Reykjavík, Kristínu Jóhannesdóttur, kt. 000000-0000, Barðaströnd 9, Seltjarnarnesi, Baugi Group hf., kt. 000000-0000, Túngötu 6, Reykjavík (fyrirsvarsmaður: Kristín Jóhannesdóttir, stjórnarformaður) og fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., kt. 000000-0000, Suðurlandsbraut 48, Reykjavík (fyrirsvarsmaður: Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður). Fallið hefur verið frá ákæru á hendur Baugi

Group hf., sbr. III. kafla ákærunnar, frá ákæru á hendur Tryggva vegna tímabils í þeim kafla og nokkrar breytingar til lækkunar hafa verið gerðar á V. kafla hennar. Þá hefur villa verið felld úr VI. kafla. eru þessar breytingar á ákærunni gefnar til kynna með hornklofa hér að neðan. Loks er þess að geta að ríkissaksóknari hefur með bréfi, 30. september sl., tilkynnt að hann taki við saksókn í málinu. Málið telst því nú vera höfðað:

I. Á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni vegna eigin skattskila

Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa skilað röngum skattframtölum á árunum 1999, 2000, 2001, 2002 og 2003 þar sem hann vantaldi tekjur sínar sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, vantaldi á skattframtölum 1999, 2002 og 2003 fjármagnstekjur sínar, sem skattskyldar eru samkvæmt 3. og 4. tölulið C-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og hafa þannig komið sér undan greiðslu tekjuskatts, útsvars og sérstaks tekjuskatts framangreind ár samtals að fjárhæð kr. 14.975.863 og greiðslu fjármagnstekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 14.927.490 og sundurliðast eftir árum sem hér greinir:

1. Tekjuárið 1998 vantalið á skattframtali 1999

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 1999 fjármagnstekjur sínar um samtals kr. 11.784.344 og hafa með því komið sér undan greiðslu fjármagnstekjuskatts að fjárhæð kr. 1.178.434, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna fjármagnstekna og vangoldins fjármagnstekjuskatts

Vantaldar fjármagnstekjur, þóknun vegna sölu hlutabréfa, sem ákærði fékk greidda frá Bónus sf., kt. 000000-0000, inn á bankareikning sinn kr. 10.000.000, 25. ágúst 1998 og var færð á viðskiptareikning hans hjá Bónus sf. kr. 1.784.344, og Bónus sf. greiddi til Kaupþings hf. vegna ákærða 27. nóvember sama ár, og voru tekjur af hlutareign hans í Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., sbr. 1. másl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981.	kr.	11.784.344
Vangoldinn fjármagnstekjuskattur 10%	kr.	1.178.434

2. Tekjuárið 1999 vantalið á skattframtali 2000

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2000 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 18.929.076 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, útsvars og sérstaks tekjuskatts að fjárhæð kr. 8.593.800, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf., kt. 000000-0000, á iðgjaldi af líftryggingu ákærða.	kr.	129.076
b. Vantaldar tekjur af nýtingu kaupréttar á hlutabréfum í Baugi hf. sem ákærði öðlaðist vegna starfa fyrir félagið og greiddar voru í júlí 1999.	kr.	18.800.000
Samtals:	kr.	18.929.076

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	18.929.076
Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:	kr.	4.999.169
Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:	kr.	2.269.596
Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta 7,0:	kr.	1.325.035
Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:	kr.	8.593.800

3. Tekjuárið 2000 vantalið á skattframtali 2001

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2001 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 5.209.633 og hafa með því

komið sér undan greiðslu tekjuskatts, útsvars og sérstaks tekjuskatts að fjárhæð kr. 2.365.173, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á iðgjaldi af líftryggingu ákærða.	kr.	307.584
b. Vantaldar tekjur í formi launauppbótar „bónusgreiðslu“ frá Baugi hf. samkvæmt starfssamningi, innt af hendi 03.10.2000.	kr.	4.000.000
c. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðinni OD-090 af gerðinni Jeep Grand Cherokee, sem var í eigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.	kr.	902.049
Samtals.	kr.	5.209.633

-

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	5.209.633
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	<i>kr.</i>	<i>1.375.864</i>
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:</i>	<i>kr.</i>	<i>624.635</i>
<i>Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta 7,0:</i>	<i>kr.</i>	<i>364.674</i>
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>2.365.173</i>

-

4. Tekjuárið 2001 vantalið á skattframtali 2002

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2002 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 3.625.685 og fjármagnstekjur

sí­nar um samtals kr. 67.142.364 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, útsvars og sérstaks tekjuskatts að fjárhæð kr. 1.659.839 og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð kr. 6.714.236, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna tekna		
a. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á iðgjaldi af líftryggingu ákærða.		
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðunum OD-090 af gerðinni Jeep Grand Cherokee, NT-107 af gerðinni Hummer HMC4, og TS-378 af gerðinni Porsche 911, sem voru í eigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.	kr.	345.904
	kr.	3.279.781
Samtals:	kr.	3.625.685

-

-

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn á skattframtali 2002:	kr.	3.625.685
Tekjuskattur, skattprósenta 26,08:	kr.	945.579
Útsvar, útsvarsprósenta 12,70:	kr.	460.462
Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta. 7,0:	kr.	253.798
Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:	kr.	1.659.839

B. Sundurliðun vantalinna fjármagnstekna og vangoldins fjármagnstekjuskatts

a. Vantalinn söluhagnaður vegna sölu ákærða á hlutabréfum í Baugi hf. árið 1999 með því að stofnverð bréfanna var tilgreint of hátt í skattframtali ákærða og söluhagnaður þeirra var að sama skapi vantalinn. Tekjufærslu söluhagnaðarins er frestað um tvenn áramót, sbr. 7. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981.	kr.	7.942.364
b. Vantaldar tekjur af hlutareign ákærða í Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. sem hann fékk greiddar 12. janúar 2001.	kr.	59.200.000
<i>Stofn til útreiknings fjármagnstekjuskatts:</i>	<i>kr.</i>	<i>67.142.364</i>
Vangoldinn fjármagnstekjuskattur 10%	kr.	6.714.236

5. Tekjuárið 2002 vantalið á skattframtali 2003

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2003 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 5.186.031 og fjármagnstekjur sínar um samtals kr. 70.348.204 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, útsvars og sérstaks tekjuskatts að fjárhæð kr. 2.357.051 og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð kr. 7.034.820, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

-

A. Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á iðgjaldi af	kr.	375.675
---	-----	---------

líftryggingu ákærða.		
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðunum OD-090 af gerðinni Jeep Grand Cherokee, NT-107 af gerðinni Hummer HMC4 og TS-378 af gerðinni Porsche 911, sem voru í eigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.	kr.	4.810.356
Samtals:	kr.	5.186.031

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	5.186.031
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 25,75:</i>	<i>kr.</i>	<i>1.335.403</i>
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 12,70:</i>	<i>kr.</i>	<i>658.626</i>
<i>Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta. 7,0:</i>	<i>kr.</i>	<i>363.022</i>
Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:	kr.	2.357.051

B. Sundurliðun vantalinna fjármagnstekna og vangoldins fjármagnstekjuskatts

Vantalinn söluhagnaður vegna sölu ákærða á hlutabréfum í Baugi hf. árið 2002, með því að stofnverð bréfanna var tilgreint of hátt í skattframtali ákærða og söluhagnaður þeirra var að sama skapi vantallinn.	kr.	70.348.204
---	-----	------------

Vangoldinn fjármagnstekjuskattur 10%	kr.	7.034.820
---	------------	------------------

I. Á hendur Tryggva Jónssyni vegna eigin skattskila

Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa skilað röngum skattframtölum á árunum 1999, 2000, 2001, 2002 og 2003 þar sem hann vantaldi tekjur sínar sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, og hafa þannig komið sér undan greiðslu tekjuskatts, útsvars og sérstaks tekjuskatts framangreind ár samtals að fjárhæð kr. 13.277.400, og sundurliðast eftir árum sem hér greinir:

1. Tekjuárið 1998 vantalið á skattframtali 1999

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 1999 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 5.000.000 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 2.282.500, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

Vantaldar tekjur í formi starfstengdrar upphafsgreiðslu frá Baugi hf., innt af hendi 31.12.199[8].	kr.	5.000.000
Samtals:	kr.	5.000.000

=

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	5.000.000
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 27,41:</i>	<i>kr.</i>	<i>1.370.500</i>
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,24:</i>	<i>kr.</i>	<i>562.000</i>

<i>Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta 7,0:</i>	<i>kr.</i>	350.000
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	2.282.500

2. Tekjuárið 1999 vantalið á skattframtali 2000

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2000 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 18.957.724 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 8.606.807, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á iðgjaldi af líftryggingu ákærða.	<i>kr.</i>	157.724
b. Vantaldar tekjur af nýtingu kaupréttar á hlutabréfum í Baugi hf. sem ákærði öðlaðist vegna starfa fyrir félagið og greiddar voru í júlí 1999.	<i>kr.</i>	18.800.000
<i>Samtals:</i>	<i>kr.</i>	18.957.724

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	<i>kr.</i>	18.957.724
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	<i>kr.</i>	5.006.735
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:</i>	<i>kr.</i>	2.273.031
<i>Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta 7,0:</i>	<i>kr.</i>	1.327.041
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	8.606.807

3. Tekjuárið 2000 vantalið á skattframtali 2001

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2001 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 5.034.227 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 2.285.539, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á iðgjaldi af líftryggingu ákærða.	kr.	34.227
b. Vantaldar tekjur í formi launauppbótar, „bónusgreiðsla“, frá Baugi hf. innt af hendi 31.03.2000.	kr.	5.000.000
Samtals:	kr.	5.034.227

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	5.034.227
Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:	kr.	1.329.539
Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:	kr.	603.604
Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta 7,0:	kr.	352.396
Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:	kr.	2.285.539

4. Tekjuárið 2001 vantalið á skattframtali 2002

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2002 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 103.096 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 47.197,

sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á iðgjaldi af líftryggingu ákærða.	kr.	103.096
--	-----	---------

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

-

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	103.096
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,08:</i>	kr.	26.887
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 12,70:</i>	kr.	13.093
<i>Sérstakur tekjuskattur skattprósenta, 7,0:</i>	kr.	7.217
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	47.197

5. Tekjuárið 2002 vantalið á skattframtali 2003

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2003 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 121.799 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 55.357, sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á iðgjaldi af líftryggingu ákærða.	kr.	121.799
--	-----	---------

=

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	121.799
--	-----	---------

<i>Tekjuskattur, skattprósenta 25,75:</i>	<i>kr.</i>	<i>31.363</i>
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 12,70:</i>	<i>kr.</i>	<i>15.468</i>
<i>Sérstakur tekjuskattur, skattprósenta, 7,0:</i>	<i>kr.</i>	<i>8.526</i>
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>55.357</i>

III. Brot framin í rekstri Baugs hf. (síðar Baugs Group hf.)

Á hendur ákærða Jóni Ásgeiri sem framkvæmdastjóra Baugs hf. frá 2. júlí 1998 til 30. maí 2002 og ákærða Tryggva sem framkvæmdastjóra Baugs Group hf. frá 30. maí 2002 [.....] vegna eftirtalinna brota sem framin voru í rekstri félagsins:

1. Á hendur ákærða Jóni Ásgeiri [.....] fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa á árunum 1998, 1999, 2000, 2001 og 2002, skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið, sem þá hét Baugur hf., þar sem greidd laun og skilaskyld staðgreiðsla voru vantalin og hafa látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, vegna launagreiðslna, afhendingar á bifreið og húsgögnum auk greiðslna félagsins á líftryggingariðgjaldi í þágu ákærða Jóns Ásgeirs og þriggja annarra stjórnenda og starfsmanna þess, en samtals námu hin vantöldu laun kr. 27.631.277 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 10.633.204, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>		<i>Vantaldar launagreiðslur:</i>			<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>
Árið 1998					
Nóvember	<i>kr.</i>	<i>65.277</i>		<i>kr.</i>	<i>25.471</i>
Desember	<i>kr.</i>	<i>5.000.000</i>		<i>kr.</i>	<i>1.951.000</i>
	<i>kr.</i>	<i>5.065.277</i>		<i>kr.</i>	<i>1.976.471</i>

Árið 1999					
Mars	kr.	66.811		kr.	25.615
Júní	kr.	5.100.000		kr.	1.955.340
September	kr.	129.568		kr.	49.676
Október	kr.	26.074		kr.	9.997
Nóvember	kr.	25.548		kr.	9.795
Desember	kr.	7.307.767		kr.	2.801.798
	kr.	12.655.768		kr.	4.852.221
Árið 2000					
Janúar	kr.	25.396		kr.	9.744
Febrúar	kr.	24.511		kr.	9.405
Mars	kr.	5.024.292		kr.	1.927.821
Apríl	kr.	24.159		kr.	9.270
Mái	kr.	23.730		kr.	9.105
Júní	kr.	24.155		kr.	9.268

Júlí	kr.	25.064		kr.	9.617
Ágúst	kr.	24.899		kr.	9.554
September	kr.	34.915		kr.	13.397
Október	kr.	4.024.881		kr.	1.544.347
Nóvember	kr.	59.535		kr.	22.844
Desember	kr.	26.274		kr.	10.081
	kr.	9.341.811		kr.	3.584.453
Árið 2001					
Janúar	kr.	27.364		kr.	10.606
Febrúar	kr.	27.592		kr.	10.695
Mars	kr.	27.307		kr.	10.584
Apríl	kr.	152.211		kr.	58.997
Júní	kr.	30.544		kr.	11.839
Júlí	kr.	29.721		kr.	11.520
Ágúst	kr.	30.575		kr.	11.851

September	kr.	30.644		kr.	11.878
Október	kr.	31.218		kr.	12.100
Desember	kr.	61.824		kr.	23.963
	kr.	449.000		kr.	174.033

Árið 2002					
Janúar	kr.	30.072		kr.	11.590
Febrúar	kr.	30.072		kr.	11.590
Mars	kr.	30.072		kr.	11.590
Apríl	kr.	29.205		kr.	11.256
	kr.	119.421		kr.	46.026
Samtals:	kr.	27.631.277		kr.	10.633.204

2. Á hendur ákærða Tryggva [.....] fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa á árinu 2002, skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið þar sem greidd laun og skilaskyld staðgreiðsla voru vantalin og hafa látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu

opinberra gjalda nr. 45/1987, vegna launagreiðslna og greiðslna félagsins á líftryggingariðgjöldum vegna ákærða Tryggva og tveggja annarra stjórnenda og starfsmanna þess, en samtals námu hin vantölu laun kr. 8.400.620 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 3.237.598, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>		<i>Vantaldar launagreiðslur:</i>			<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>
Árið 2002					
Mái	kr.	195.429		kr.	75.318
Júní	kr.	8.028.617		kr.	3.094.229
Júlí	kr.	28.262		kr.	10.892
Ágúst	kr.	28.293		kr.	10.904
September	kr.	29.468		kr.	11.357
[...]					
Samtals:	kr.	[8.310068]		kr.	[3.202.700]

IV. Brot framín í rekstri Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

Á hendur ákærða Jóni Ásgeiri sem starfandi framkvæmdastjóra Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. til 27. ágúst 1999, og stjórnarmanni þess og ákærðu Kristínu sem framkvæmdastjóra félagsins frá 27. ágúst 1999 og stjórnarmanni þess og Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. vegna eftirtalinna brota sem framin voru í rekstri félagsins:

1. Á hendur ákærðu Jóni Ásgeiri og Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa á árinu 1999, skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið þar sem greidd laun og skilaskyld staðgreiðsla voru vantalín og hafa látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, vegna launagreiðslna og bifreiðahlunninda til starfsmanns félagsins, en samtals námu hin vantöldu laun kr. 1.038.875 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 398.305, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>		<i>Vantaldar launagreiðslur:</i>			<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>
Árið 1999					
Janúar	kr.	67.500		kr.	25.880
Febrúar	kr.	157.500		kr.	60.386
Mars	kr.	123.350		kr.	47.292
Maí	kr.	361.700		kr.	138.676
Júní	kr.	124.200		kr.	47.618
Júlí	kr.	204.625		kr.	78.453
	kr.	1.038.875		kr.	398.305

Samtals:

2. Á hendur ákærðu Kristínu og Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa á árunum 1999, 2000, 2001 og 2002 skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið þar sem greidd laun og skilaskyld staðgreiðsla voru vantalin og hafa látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, vegna skattskyldrar nýtingar ákærða Jóns Ásgeirs af bifreiðum í eigu félagsins og greiðslna launa og bifreiðahlunninda og annarra hlunninda til starfsmanns félagsins, en samtals námu hin vantöldu laun kr. 71.050.925 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 27.515.602, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>		<i>Vantaldar launagreiðslur:</i>			<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>
Árið 1999					
Ágúst	kr.	28.675		kr.	10.994
September	kr.	500.350		kr.	191.834
Október	kr.	28.675		kr.	10.994
Nóvember	kr.	208.100		kr.	79.786
Desember	kr.	299.675		kr.	114.895
	kr.	1.065.475		kr.	408.503
Árið 2000					

Janúar	kr.	79.025		kr.	30.322
Febrúar	kr.	447.674		kr.	171.772
Mars	kr.	106.975		kr.	41.046
Apríl	kr.	318.524		kr.	122.218
Maí	kr.	106.975		kr.	41.046
Júní	kr.	225.524		kr.	86.534
Júlí	kr.	106.975		kr.	41.046
Ágúst	kr.	106.975		kr.	41.046
September	kr.	207.424		kr.	79.589
Október	kr.	106.975		kr.	41.046
Nóvember	kr.	103.524		kr.	39.722
Desember	kr.	106.975		kr.	41.046
	kr.	2.023.545		kr.	776.433
Árið 2001					
Janúar	kr.	59.305.676		kr.	22.986.880

Febrúar	kr.	95.449		kr.	36.996
Mars	kr.	105.676		kr.	40.960
Apríl	kr.	185.076		kr.	71.735
Maí	kr.	208.359		kr.	80.760
Júní	kr.	247.599		kr.	95.969
Júlí	kr.	445.827		kr.	172.803
Ágúst	kr.	445.827		kr.	172.803
September	kr.	431.445		kr.	167.228
Október	kr.	445.827		kr.	172.803
Nóvember	kr.	431.445		kr.	167.228
Desember	kr.	445.827		kr.	172.803
	kr.	62.794.033		kr.	24.338.968
Árið 2002					
Janúar	kr.	441.796		kr.	170.268
Febrúar	kr.	416.784		kr.	160.629

Mars	kr.	461.440		kr.	177.839
Apríl	kr.	446.555		kr.	172.102
Mai	kr.	461.440		kr.	177.839
Júní	kr.	446.555		kr.	172.102
Júlí	kr.	461.440		kr.	177.839
Ágúst	kr.	461.440		kr.	177.839
September	kr.	446.555		kr.	172.102
Október	kr.	411.922		kr.	158.755
Nóvember	kr.	350.137		kr.	134.943
Desember	kr.	361.808		kr.	139.441
	kr.	5.167.872		kr.	1.991.698
Samtals:	Kr.	71.050.925		Kr.	27.515.602

3. Á hendur ákærðu Kristínu og Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum með því að hafa skilað röngu skattframtali fyrir Fjárfestingafélagið Gaum ehf. gjaldaárið 2001, vegna 2000, þar sem tekjur félagsins, sem skattskyldar eru samkvæmt B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, voru rangfærðar sem hér segir;

a) með því að vantelja til tekna söluhagnað af viðskiptum félagsins með hlutabréf í Baugi hf. á árinu 2000, um kr. 916.105.197, og

b) með því að oftelja til gjalda í bókhaldi og skattframtali vaxtagjöld að fjárhæð kr. 15.700.075.

4. Á hendur ákærðu Kristínu og Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum með því að hafa skilað röngu skattframtali fyrir Fjárfestingafélagið Gaum ehf. fyrir gjaldaárið 2003, vegna ársins 2002, þar sem oftalin var til gjalda niðurfærsla hlutabréfa í sænska félaginu NRG Pizza AB. um kr. 74.000.000, en með þessu var tap félagsins oftalið um sömu fjárhæð. Tapið var yfirfæranlegt til síðari ára og nýtanlegt til lækkunar hreinna tekna, sem skattskyldar eru samkvæmt B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981.

V. Brot framin í rekstri Gaums ehf.(hf.)

Á hendur ákærðu Kristínu sem framkvæmdastjóra og Jóni Ásgeiri sem starfandi framkvæmdastjóra Gaums ehf. (hf. frá 28.09.1998), kt. 000000-0000, báðum sem stjórnarmönnum, vegna eftirtalins brots sem framið var í rekstri félagsins:

1. Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa látið undir höfuð leggjast að skila skattframtali fyrir Gaum ehf. (hf.) gjaldaárið 1999 vegna fyrstu 6 mánaða ársins 1998, og hafa vantalið skattskyldar tekjur félagsins um kr. [174.809.492], sem skattskyldar eru samkvæmt B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, að teknu tilliti til nýtingar heimildar til að fresta tekjufærslu á kr. 107.030.554 af söluhagnaðinum af sölu á hlutabréfum. Söluhagnaðurinn sem samtals nam kr. [281.840.046], var af sölu félagsins á 25 % eignarhluta Gaums ehf. í félögunum Bónus sf., Ísþori ehf. og Bónusbirgðum ehf. og 12,5 % eignarhlut í Baugi ehf. sem gengu, ásamt peningalegri milligjöf, til greiðslu á kaupverði vegna kaupa Gaums ehf. á 25 % hlutafjár í fyrirhuguðu félagi, Hagkaupi hf., sem síðar fékk kennitöluna 000000-0000, samkvæmt kaupsamningi Gaums ehf. (hf.) við eigendur Hagkaupa hf., kt. 000000-0000, dags. 3. júní 1998, og hafa með þessu komið félaginu undan greiðslu tekjuskatts að fjárhæð kr. [52.442.848].

VI. Heimfærsla til refsíákvæða

Brot ákærðu Jóns Ásgeirs, Tryggva og Kristínar teljast varða við:

1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig;

a) 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því er varðar, brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt I. kafla og brot Tryggva samkvæmt II. kafla ákæru, brot ákærðu Kristínar samkvæmt 3. og 4. tölulið IV. kafla ákæru og brot ákærðu Jóns Ásgeirs og Kristínar samkvæmt V. kafla ákæru,

b) 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar, brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt stafliðum A, í 2. – 5. tölulið I. kafla ákæru og brot

ákærða Tryggva samkvæmt II. kafla ákæru,

c) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt 1. tölulið III. kafla ákæru og 1. tölulið IV. kafla ákæru, brot Tryggva samkvæmt 2. tölulið III. kafla ákæru og brot ákærðu Kristínar samkvæmt 2. tölulið IV. kafla ákæru,

[.....]

Brot Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. samkvæmt IV. [.....]kafla ákæru teljast varða við:

e) 8. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sbr. tilvitnuð ákvæði í a) lið að framan, að því er varðar 3. og 4. tölulið IV. kafla ákæru,

f) 9. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. tilvitnuð ákvæði í c) lið að framan, að því er varðar 1. og 2. tölulið IV. kafla ákæru.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar fyrir framangreind brot.

Ákærðu neita sök að öllu leyti.

Málavextir

Lögreglurannsókn hófst gegn ákærðu og fleirum með húsleit í ágústlok 2002. Rúmu ári síðar, þ. e. 17. september 2003, tilkynnti ríkislögreglustjóri skattrannsóknarstjóra ríkisins að grunur væri um það að fyrirsvarsmenn Baugs Group hf. hefðu brotið gegn skattalögum og lögum um bókhald og ársreikninga. Fyrir liggur að embætti skattrannsóknarstjóra hafði þá um nokkurt skeið haft til athugunar ársreikninga og skattframtöl fjárfestingafélagsins Gaums hf. þar sem grunur var á því að ekki væri allt með felldu um ýmis viðskipti í bókhaldi og skattskilum félagsins. Hófst rannsókn skattrannsóknarstjóra á þessum atriðum 17. nóvember 2003. Rannsókninni lauk haustið 2004 og með kærubréfi skattrannsóknarstjóra 12. nóvember það ár voru ríkislögreglustjóra sendar skýrslur embættisins í fjölmörgum bindum. Eftir rannsókn hjá því embætti var mál svo höfðað 18. desember 2008, eins og fyrr segir.

Málsmeðferðin hefur dregist hér fyrir dóminum. Kemur þar einkum til að mjög hefur verið tekist á um form málsins og hafa gengið fjórir úrskurðir í því vegna þessa. Var einn þessara úrskurða, þegar ákæru í málinu var vísað frá dómi, kærður til hæstaréttar Íslands. Þá er þess að geta að langan tíma tók að fá þýddan á íslensku dóm mannréttindadómstóls Evrópu sem lagður var fram í málinu. Loks hafa miklar starfsannir verjenda auk breytinga og manneklu hjá ákæruvaldinu tafið meðferðina fyrir dómi.

Sakarefni málsins eftir ákæruliðum.

I. Ákærði Jón Ásgeir vegna eigin skattskila

1.A: Vantaldar fjármagnstekjur ákærða af hlutareign hans í Gaumi ehf.

Hinn 21. ágúst 1998 voru greiddar 11.995.000 krónur frá Kaupþingi inn á reikning Bónus í SPRON á Seltjarnarnesi. Þá liggur fyrir í málinu reikningsyfirlit vegna reiknings ákærða í Sparisjóði Reykjavíkur þar sem fram kemur að 25. ágúst 1998 runnu inn á reikninginn 10.000.000 krónur frá fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. Reikningurinn var þá yfirdreginn um rúmar 56 þúsund krónur. Jafnframt liggur fyrir að 1.784.000 krónur voru greiddar inn á viðskiptareikning ákærða hjá Kaupþingi 27. nóvember sama ár. Þessar greiðslur eru ekki taldar fram á skattframtali ákærða árið 1999.

Í málinu er yfirlýsing ákærðu Kristínar og Jóhannesar Jónssonar, framkvæmdastjóra og stjórnarformanns fjárfestingafélagsins Gaums ehf., dagsett 20. júlí 2004, þar sem segir að greiðsla á 11.995.000 krónum inn á reikning Bónuss hf. hafi átt að ganga til fjárfestingafélagsins Gaums ehf. Þá segir þar að greiðslan verði færð debet á viðskiptareikning ákærða hjá Gaumi ehf. á árinu 2004. Í málinu er enn fremur yfirlýsing Hreiðars Más Sigurðssonar aðstoðarforstjóra Kaupþings hf. um það að greiðslan sem lögð var inn á reikning Bónuss hafi verið þóknun sem tilheyrði Gaumi, eiganda Bónuss.

Ákærði neitar sök og segir 10.000.000 króna millifærsluna á bankareikning ákærða hafa verið gerða fyrir mistök því að með réttu hefði átt að leggja hana inn á reikning Gaums ehf. Hann kveðst ekki hafa áttað sig á þessum mistökum. Segir hann að um hafi verið um að ræða þóknun til eigenda Bónuss, þ.e. Gaums, vegna sölu hlutabréfa í Baugi hf. Hann segir það vera rangt sem í ákærinni segir að um hafi verið að ræða fjármagnstekjur af hlutareign hans í Gaumi. Geti það ekki staðist vegna þess að ef arðgreiðslan hefði stafað frá Gaumi hefði hún átt að berast til hans frá Baugi. Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir því þegar þetta var greitt inn á reikning hans og ekki áttað sig á greiðslunni fyrr en rannsókn málsins hófst. Hafi hann þá séð að greiðslan var „ættuð frá Gaumi“ sem hann átti í og var í stjórn fyrir. Hann kveðst ekki hafa verið framkvæmdastjóri þess félags á þeim tíma og ekki muna hvort hann hafði prókúruumboð. Hann tekur einnig fram að hann hafi ekki séð um þennan reikning sinn í Sparisjóðnum, heldur hafi fjármálastjóri Bónuss sf., Erla Magnúsdóttir, gert það, enda þótt þetta væri hans persónulegi reikningur. Hafi hann ekkert eftirlit haft með reikningnum enda hafi hann treyst því fólki sem vann fyrir hann. Hann kveður Gaum hafa átt fjórðungshlut í Baugi. Hann segir Ragnar Þórhallsson hafa talið fram fyrir sig og hafi Ragnar séð um að afla þeirra gagna sem nauðsynleg voru vegna framtalsins. Ákærði kveðst hafa endurgreitt með vöxtum fjárhæðina sem lögð var inn á reikning hans 25. ágúst 1998 og er því haldið fram af hans hálfu að líta beri á þessa greiðslu sem lán til hans.

Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Baugs hjá KPMG, hefur sagt um þetta skattframtal ákærða að starfsmaður Gaums hafi séð um skattframtalið fyrir ákærða sem hér um ræðir. Hafi starfsmaðurinn unnið handrit að framtalinu en hann kveðst

svo hafa fengið framtalið og fylgigögn til þess að farið yfir það og hafi hann að því búnu skilað því aftur. Hafi ákærði treyst þeim „nokkuð fyrir þessari framtalsgerð“. Hann kveðst ekki hafa rætt við ákærða um einstök atriði framtalsins.

Ragnar Þórhallsson, sem sá um að færa bókhald í fjárfestingafélagið Gaum á þeim tíma sem hér skiptir máli, hefur komið fyrir dóm og kannast hann við að hafa séð um framtal ákærða árið 1999 vegna ársins 1998. Hann kveðst ekki hafa vitað um þær fjárhæðir, sem hér um ræðir, þegar hann taldi fram fyrir ákærða. Hann segir ákærða ekki hafa gefið fyrirmæli um að tekjur skyldu vantaldar í framtalinu og engin bein afskipti haft af gerð þess önnur en að afhenda honum gögn vegna þess.

Mismunurinn á 11.784.000 og 11.950.000 krónum, þ.e. 211.000 krónur, hefur ekki verið skýrður.

Niðurstaða

Samkvæmt 2. mgr. 91. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75, 1981, sem í gildi voru á þeim tíma sem hér um ræðir, nú 2. mgr. 90. gr. laga um tekjuskatt nr. 90, 2003, hvílir framtalsskylda á hverjum manni og skal framtalið jafnframt undirritað af þeim sem framtalsskyldan hvílir á. Þá kemur það skýrt fram af XII. kafla eldri og nýrri skattalaga að refsíábyrgð á skattframtali hvílir á hinum skattskylda aðila og getur hann því ekki komið sér undan ábyrgð á skattframtali með því að fá annan til þess að semja það. Þannig hvílir á herðum hans sú skylda að ganga úr skugga um að rétt sé talið fram. Ákærði ber því ótvíræða ábyrgð á skattframtalinu 1999 vegna ársins 1998.

Sú skýring ákærða að umræddar greiðslur hafi verið gerðar fyrir mistök þykir dóminum ekki trúleg í sjálfu sér. Verður einnig að telja það einkar ósennilegt að ákærði hafi ekki tekið eftir þeim fyrr en sex árum seinna þegar rannsókn málsins hófst, enda var um að ræða persónulegan reikning ákærða. Þá vekur það athygli að greiðslurnar standast ekki á við þær 11.950.000 krónur sem runnu inn á reikning Bónuss. Dómurinn álitur því að hafna beri þeim skýringum sem ákærði hefur gefið á þessum fjárhæðum og að honum hafi borið að telja greiðsluna fram sem tekjur í skattframtalinu. Ber að meta honum það til stórkostlegs hirðuleysis að það skuli ekki hafa verið gert. Telst ákærði því hafa brotið gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

2.A.a, 3.A.a, 4.A.a og 5.A.a: Vantaldar tekjur ákærða vegna greiðslu Baugs hf. á líftryggingariðgjaldi á skattframtölum árin 2000, 2001, 2002 og 2003.

Fyrir liggur að ákærði taldi þessar greiðslur ekki fram í skattframtölunum þessi fjögur framtalsár. Þá liggur einnig fyrir að þær voru ekki taldar fram til staðgreiðslu af hálfu Baugs hf. Tryggingarskírteini vegna þessara trygginga hafa ekki verið borin undir ákærða og hafa ekki fundist í skjalafjölda þessa máls. Aftur á móti eru í málinu 42 kvittanir fyrir greiðslu tryggingariðgjalda af hálfu félagsins þessi ár og er málatilbúnaður ákærvaldsins byggður á þeim. Af þessum kvittunum eru 39 frá félaginu Allianz Lebensversicherungs AG í Þýskalandi. Á

þeim kemur ekki fram hvers konar tryggingar er um að ræða og réttthafi er þar heldur ekki tilgreindur. Þrjár af kvittununum, árin 2000 (10.237 krónur), 2001 (21.134 krónur) og 2002 (21.410 krónur) eru frá Sameinaða líftryggingafélaginu hf. Þar kemur hins vegar fram að þær séu fyrir greiðslu iðgjalds vegna líftryggingar ákærða og er réttthafi þar tilgreindur Linda Margrét Stefánsdóttir, þáverandi eiginkona ákærða. Í málinu er bréf, dagsett 18. maí 2004, frá Auðbjörgu Friðgeirsdóttur sem var á þeim tíma sem hér skiptir máli innri endurskoðandi félagsins. Þar segir að í samningum ýmissa lykilmanna félagsins séu ákvæði um greiðslu líftrygginga og að félagið hafi ekki „reiknað hlunnindi á starfsmenn vegna þessa“ enda hafi ekki verið litið á líftryggingar sem launahlunnindi. Hafi því ekki verið skilað af þeim launatengdum gjöldum eða hlunnindin verið gefin upp til skatts á launamiðum til starfsmanna.

Ákærði hefur sagt að í einhverjum tilfellum hafi félagið greitt fyrir hann iðgjöld af líftryggingum en í sumum tilfellum hafi verið um að ræða sjúkratryggingar og loks hafi verið um að ræða lífeyrissparnað og nefnir hann í því sambandi tryggingarnar hjá Allianz. Hann vekur athygli á því að félagið hafi á þessum tíma greitt um 111 milljónir króna í launatengd gjöld og kveðst hann ekki geta áttað sig á því hvort þessar iðgjaldsgreiðslur séu þar á meðal. Þá getur hann þess að endurskoðunarfyrirtækið KPMG hafi á þessu tímabili séð um launa- og hlunnindaútreikninga fyrir æðstu stjórn félagsins jafnframt því að vera endurskoðandi þess. Hann kveðst sjálfur engin afskipti hafa haft af þessum málum og þau alfarið verið í höndum launadeildar og þessara endurskoðenda félagsins.

Auðbjörg Friðgeirsdóttir hefur komið fyrir dóm. Hún kveðst hafa byrjað störf hjá félaginu árið 2000 og geti hún því ekki borið af eigin raun um það sem áður gerðist. Hún segir félagið hafa greitt fyrir tryggingar sumra starfsmanna samkvæmt ráðningarsamningum við þá. Minni hana að um hafi verið að ræða blandaðar tryggingar, líf- og sjúkratryggingar. Hana reki minni til þess að þessi atriði hafi borið á góma í skattrannsókninni á sínum tíma og kannast hún við að hafa skrifað bréfið umrædda. Eftir því sem henni sé best kunnugt hafi ekki verið staðið skil á staðgreiðslu á þessu fé. Hafi almennt verið álitnið að greiðslur af þessu tagi hafi ekki verið skattskyldar og hafi þetta komið til tals í félaginu á sínum tíma.

Stefán Hilmarsson, sem var endurskoðandi Baugs hf. frá stofnun félagsins í júlí 1998, hefur komið fyrir dóm. Hann segir að félagið hafi greitt líftryggingar og jafnvel fleiri tryggingar, svo sem sjúkratryggingar, fyrir lykilstarfsmenn félagsins. Hafi þessi kostnaður félagsins ekki verið talinn frádráttarbær í skattskilum félagsins eða vafi leika á um það. Hafi hann því verið „dreginn til baka“ í skattframtali félagsins þannig að félagið hafi greitt skatt af þessum greiðslum. Hafi þetta verið í samræmi við viðtekna skattaframkvæmd á þessum árum. Hafi gengið þrír úrskurðir yfirskattanefndar á árinu 1997 um sambærileg mál. Þar komi fram það álit að kostnaður við líftryggingar sé ekki frádráttarbær hjá launagreiðanda. Þar komi hins vegar ekkert fram um það hvort þessar greiðslur skuli telja hlunnindi launþegans. Hafi endurskoðendur á þessum árum almennt bakfært kostnaðinn á skattframtali launagreiðandans og ekki talið þær fram sem hlunnindi starfsmannsins.

Anna Þórðardóttir, endurskoðandi hjá KPMG, sá um endurskoðun fyrir Baug frá áramótum 2000 ásamt Stefáni Hilmarssyni, segir að á þessum tíma sem

um ræðir, hafi endurskoðendur litið svo á að iðgjöld þessi væru ekki skattskyld hlunnindi starfsmanns en hins vegar bæri að draga þau frá á skattframtölum félaganna. Muni þetta almennt hafa verið framkvæmt svo og ekki hafi annað hvarflað að henni.

Niðurstaða

Fram er komið hjá ákærða og vitnunum Auðbjörgu Friðgeirsdóttur og Stefáni Hilmarssyni að hluti af iðgjaldsgreiðslunum, sem um ræðir, hafi verið fyrir sjúkratryggingar og jafnvel einnig lífeyrissparnað. Tryggingarskírteinin hafa ekki verið lögð fram í málinu og er þessi ákæruliður byggður á kvittunum fyrir iðgjaldsgreiðslur. Í 39 kvittunum af 42 er ekki tiltekið af hvers konar tryggingum félagið greiddi iðgjöld. Verður því að telja að það sé óupplýst og að þar með verði engu slegið föstu um það hvort borið hafi að telja þessar greiðslur fram sem hlunnindi á skattframtölum ákærða. Ber af þessari ástæðu að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

Sem fyrr segir eru þrjár af kvittununum samkvæmt hljóðan sinni fyrir líftryggingariðgjöldum og einnig er þar tilgreind eiginkona ákærða sem réttthafi. Verður að telja að nægilega sé sannað að þar sé um að ræða líftryggingariðgjald. Þegar litið er til þess að á þeim tíma, sem hér um ræðir, ríkti a.m.k. óvissa um það í skattaframkvæmd hvort líftryggingariðgjöld teldust vera hlunnindi starfsmanns og þar með framtalsskyld, svo og til þess að um lágar fjárhæðir var að ræða, verður það ekki metið ákærða til stórfellds hirðuleysis að hafa ekki talið þessar greiðslur fram sem hlunnindi á skattframtölum sínum. Ber af þeirri ástæðu að sýkna hann af ákærinni að þessu leyti.

2.A.b: Vantaldar tekjur ákærða vegna nýtingar kaupréttar af hlutabréfum í Baugi hf.

Fyrir liggur að 26. júlí 1999 voru 18.800.000 krónur greiddar inn á reikning ákærða hjá Kaupþingi í Lúxemborg við það að ákærði nýtti sér kauprétt að hlutabréfum í Baugi Group hf., sem hann átti vegna starfa sinna fyrir félagið. Þessa greiðslu taldi ákærði ekki fram til skatts á framtali sínu árið 2000 fyrir árið 1999. Þá liggur það einnig fyrir að 25.000.000 krónum var ráðstafað af þessum reikningi ákærða inn á reikning Óskars Magnússonar þar í bankanum, hinn 11. október sama ár. Fyrir liggur einnig að sú ráðstöfun var liður í því að gera upp við Óskar þegar hann hætti störfum hjá Baugi.

Ákærði segir stjórnendur Baugs hafa átt kauprétt að hlutabréfum samkvæmt samningum við félagið. Hann kannast við að hafa verið forstjóri félagsins á þessum tíma og minni hann að samið hafi verið við starfsmenn félagsins um kaupréttinn í upphafi eða við stofnun þess. Hafi það verið eigendur félagsins sem það gerðu, þ.e. Gaumur, Kaupþing og F.B.A. Hann segir millifærsluna af reikningi ákærða á reikning Óskars Magnússonar vera þannig til komna að samið hafi verið við Óskar um breytingu á störfum hans fyrir félagið og svo starfslok þegar Hagkaup og Bónus runnu saman. Hafi orðið úr að hann fengi kauprétt ákærða í

starfslokagreiðslu. Hafi kaupréttur ákærða því verið færður á reikning Óskars. Viti hann til þess að Óskar hafi talið þetta fram til skatts og greitt skatt af. Hann segir að á þessum tíma hafi ríkt óvissa um það hvernig fara ætti með kauprétt vegna skatts. Reyndar segist hann sjálfur hafa verið látinn greiða skatt af þessari fjárhæð. Hann kveðst gera sér grein fyrir því að gögnin í málinu sýni að hagnaðurinn af hlutabréfaviðskiptunum, 18.800.000 krónur, hafi verið greiddur inn á reikning hans í júlí. Aftur á móti segist hann hafa verið búinn að ráðstafa þessu fé sem hluta af starfslokagreiðslu Óskars Magnússonar samkvæmt samkomulagi þeirra. Hann segist aðspurður ekki hafa fengið þetta persónulega framlag sitt endurgreitt frá félaginu. Hann áréttar það að hann hafi framselt Óskari umræddan kauprétt sinn og hafi honum því ekki borið að telja hann fram til skatts.

Auðbjörg Friðgeirsdóttir hefur sagt það almennt um kauprétt stjórnenda félagsins að hún hafi fyrst fengið vitneskju um þá árið 2002 eða 2003. Hafi allir starfsmenn haft rétt til kaupa á hlut í félaginu samkvæmt ákveðnu kaupréttarkerfi en einnig hafi verið um að ræða kauprétt samkvæmt sérstökum samningi. Hún kveðst hins vegar ekki muna vel hvernig viðskiptunum, sem hér um ræðir, var háttað.

Eins og áður var rakið hefur Stefán Hilmarsson, aðalendurskoðandi Baugs hjá KPMG, sagt um þetta skattframtal ákærða að starfsmaður Gaums, Ragnar Þórhallsson, hafi séð um skattframtalið fyrir ákærða sem hér um ræðir. Hafi starfsmaðurinn unnið handrit að framtalinu en hann kveðst svo hafa fengið framtalið og fylgigögn með því til þess að fara yfir það og hafi hann að því búnu skilað Ragnari því aftur. Hafi ákærði treyst þeim „nokkuð fyrir þessari framtalsgerð“. Hann kveðst ekki hafa rætt við ákærða um einstök atriði framtalsins. Hann kveðst hafa skrifað undir framtalið fyrir hönd ákærða til þess að „koma því í álagningu“. Hann segir um kauprétt stjórnenda hjá félaginu að hlutabréfum að þrír menn hafi nýtt sér þennan rétt, Óskar Magnússon stjórnarformaður, ákærði Jón Ásgeir og ákærði Tryggvi. Hafi hann fengið vitneskju um þessi réttindi stjórnendanna árið 2000 eða 2001. Ekki hafi verið rætt við hann um skattskil á slíkum greiðslum, að minnsta kosti hafi hann ekki verið hafður í ráðum um þær. Um ráðstöfun ákærða í þágu Óskars Magnússonar kveðst hann hafa frétt hjá ákærða eftir á, líklega árið 2003.

Anna Þórðardóttir, endurskoðandi hjá KPMG, sá um endurskoðun fyrir Baug frá áramótum 2000 ásamt Stefáni Hilmarssyni. Hún segir almennt að um kauprétt stjórnenda hafi hún fengið að vita frá Stefáni í árslok 2002 en hann mun þá hafa fengið þessa vitneskju frá stjórnendum félagsins. Áður hefði hún spurst fyrir um það hjá ákærða Tryggva, hvort kaupréttarsamningar væru fyrir hendi en fengið þau svör að svo væri ekki en hana minni þó að almennt kaupréttarkerfi fyrir starfsmenn hafi verið fyrir hendi hjá félaginu. Sérstaklega spurð um ráðstöfun kaupréttar ákærða til Óskars Magnússonar segist hún ekkert vita enda hafi þetta verið fyrir hennar tíma.

Óskar Magnússon kveðst hafa starfað fyrir Baug og tengd félög frá júní 1998 og út árið 1999. Um kaupréttinn sem hér um ræðir segir vitnið aðspurt að hann geti staðfest að hafa fengið greiðslu sem þessu nam nokkurn veginn, og hafi hún verið framseld til hans í tengslum við starfslok hjá félaginu. Hann viti hins vegar ekki hvernig „nákvæmlega rætur hennar voru“ eða hvernig frá henni var gengið hjá félaginu. Hann kveðst hafa talið þessa greiðslu fram á sínu skattframtali

og greitt af henni skatt.

Niðurstaða

Sem fyrr segir hvílir sú skylda á skattþegni að gæta þess að rétt sé talið fram að viðlagðri refsiaþbyrgð sé það ekki gert. Þá er jafnljóst að skattskyldur maður getur ekki heldur skotið sér undan ábyrgð á framtalinu með því að fá annan til þess að undirrita það.

Ágreiningslaust er að umrædd fjárhæð var lögð inn á reikning ákærða í Kaupþingi í Lúxemborg 26. júlí 1999, eins og sagði í upphafi. Þá liggur fyrir að greiðsla þessi stafaði frá viðskiptum með hlutabréf í Baugi sem ákærði átti rétt til samkvæmt kaupréttarákvæði í ráðningarsamningi hans. Ekki er heldur ágreiningur um það að fjárhæðin sem stóð inni á reikningi ákærða varð hluti af greiðslu inn á reikning Óskars Magnússonar tæpum þremur mánuðum síðar og var þá hluti af uppgjöri vegna starfsloka hans hjá Baugi. Loks liggur það fyrir að þessi greiðsla var ekki talin fram á skattframtali ákærða vegna ársins 1999. Ákærði ber það aftur á móti fyrir sig að hann hafi framselt kauprétt sinn til Óskars og því hafi honum ekki borið að telja honum þessa fjárhæð til tekna á skattframtalinu. Dómurinn lítur svo á að ákærði geti hér ekki borið það fyrir sig að hafa „framselt kaupréttinn“ til Óskars Magnússonar, enda var fé þetta greitt honum persónulega. Ekkert í málinu bendir til annars en að honum hafi verið frjálst að ráðstafa fénu, eins og hann hefur reyndar kannast við að hafa gert með samkomulaginu við Óskar. Var greiðslan því framtalsskyld samkvæmt 1. tl. A-kafla 7. gr. eldri og núgildandi laga um tekjuskatt. Meta verður ákærða það til stórkostlegs hirðuleysis að hafa ekki talið greiðsluna fram á framtali ársins 2000 og telst hann því hafa brotið gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

3.A.b: Vantaldar tekjur ákærða í formi launauppbótar („bónusgreiðslu“) frá Baugi hf.

Meðal gagna málsins er útprentun vegna millifærslu af reikningi Baugs hf. í Íslandsbanka inn á bankareikning ákærða hinn 3. október 2000, að fjárhæð 4.000.000 krónur. Þá liggur fyrir að ákærði taldi þessa greiðslu ekki fram á skattframtali ársins 2001. Þegar ákærði var yfirheyrður um þessa færslu hjá lögreglu 11. mars 2003 sagði hann þetta hafa verið bónusgreiðslu til hans eða launauppbót samkvæmt ráðningarsamningi hans við félagið. Ekki væri búið að ganga frá þessu endanlega og væri það í vinnslu. Í skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 26. mars 2004 sagði hann um hana að hann vissi ekki hvort um hafi verið að ræða lán en líklega hafi verið frekar litið á þetta sem fyrir fram greidd laun en lán. Vissi hann ekki hvort gerð hefði verið grein fyrir þessari greiðslu á skattframtali hans. Þá er að geta bréfs Auðbjargar Friðgeirsdóttur, innri endurskoðanda Baugs, dagsetts 18. maí 2004, sem hún hefur staðfest fyrir dómi. Þar segir um þessa færslu að um sé að ræða viðskiptaskuld ákærða, sem gerð hafi verið upp í maí 2002 með víxli sem greiddur var upp í september 2002. Þetta hafi verið fyrir fram greidd laun til ákærða sem gerð hafi verið upp að fullu á þeim

tíma. Hafi ekki verið um sérgreinda launagreiðslu til ákærða að ræða. Ákærði sagði í skýrslu hjá lögreglu 26. júní 2007 að fyrri skýringar hans á greiðslunni væru ekki réttar því hann hefði komist að því við nánari skoðun að um lán hefði verið að ræða.

Meðal gagna málsins er álitserð endurskoðunarskrifstofunnar Price, Waterhouse, Coopers, dagsett 13. október 2005, sem unnin var að beiðni verjanda ákærða um það álitaefni hver verið hafi „raunveruleg staða á viðskiptamannareikningi JAJ í bókhaldi Baugs á hverjum tíma frá 1. janúar 1998 til 28. ágúst 2002 eftir að tekið hefur verið tillit til inneignar og allra réttinda sem hann átti tilkall til samkvæmt starfssamningum hans við félagið“. Er það niðurstaða þessarar álitserðar að ákærði hafi á þessu tímabili aldrei verið í skuld við félagið þegar tekið hafi verið tillit til inneigna hans og réttinda gagnvart félaginu og greiðslna sem hann innti af hendi í þágu þess.

Fyrir dómi hefur ákærði sagt að um hafi verið að ræða greiðslu á skuld Baugs við hann samkvæmt viðskiptareikningi hans hjá félaginu. Hafi Baugur skuldað honum 27 milljónir í upphafi árs og hafi þessi fjárhæð síðan verið dregin frá þeirri skuld. Um skýringuna sem hann gaf hjá lögreglu 2003 segir ákærði að hann hafi ekki áttað sig á þessu þegar hann var yfirheyrður, enda hefði honum þá ekki gefist tækifæri til að setja sig inn í málið áður en hann var yfirheyrður. Um það sem hann sagði hjá skattranssóknarstjóra í mars 2004 eigi þetta sama við. Hafi hann farið að kynna sér málið eftir að hann gaf þessar skýrslur. Um það sem hann sagði svo hjá lögreglu, 21. júní 2007, að um hefði verið að ræða lán, segir hann að endurskoðunarfyriretakið hafi farið yfir viðskiptareikning hans hjá Baugi og komist að þeirri niðurstöðu.

Niðurstaða

Ákærði hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum um þessa greiðslu, eins og fram er komið. Hann sagði í upphafi að um hefði verið að ræða launauppbót til hans, en hann hefur svo gefið aðrar skýringar á henni. Þá hefur komið fram hjá honum að hann hafi falið öðrum að sjá um persónulegan bankareikning sinn. Dómurinn hefur ekki fundið stað í gögnum málsins fyrir því áliti PWC að félagið hafi verið í skuld við hann. Ekki verður heldur séð að þau réttindi ákærða eða inneign hjá félaginu, sem álitserð byggir á, hafi verið talin fram á hann til skatts. Loks er þess að geta að ekki verður séð af gögnum málsins að ákærði hafi endurgreitt fé þetta. Dómurinn telur að hafna beri síðbúnum skýringum hans á þessari greiðslu. Verður því slegið föstu að um launagreiðslu til hans hafi verið að ræða, eins og hann sagði sjálfur í upphafi. Var greiðsla þessi framtalskyld samkvæmt 1. tl. A-kafla 7. gr. eldri og núgildandi laga um tekjuskatt. Meta verður ákærða það til stórkostlegs hirðuleysis að hafa ekki talið hana fram og telst hann því hafa brotið gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

3.A.c, 4.A.b og 5.A.b: Vantaldar tekjur ákærða í formi skattskyldra bifreiðahlunninda.

Fyrir liggur í málinu að á þeim tíma sem um ræðir voru bifreiðarnar þrjár sem um getur í eigu fjárfestingafélagsins Gaums á árunum 2000 til 2002. Þá liggur fyrir að ákærði taldi ekki fram til tekjuskatts hlunnindi af afnotum bílanna sem greinir í ákærinni. Ákærði var á þessum tíma stjórnarmaður í félaginu og fyrir liggur að hann var þar atkvæðamikill en auk hans voru í stjórninni ákærða Kristín og Jóhannes Jónsson. Var Jóhannes formaður stjórnar og framkvæmdastjóri en Kristín framkvæmdastjóri frá 27. ágúst 1999. Engan formlegan gerning er að finna í gögnum málsins um afnot ákærða af bílunum. Fram er komið í málinu að félagið hafi á þessum tíma átt sjö bíla auk annarra farartækja. Ákærða Kristín var spurð út í þessa bíla- og tækjaeign félagsins undir skattrannsókninni og sagði þá að þetta hefði verið geymt í geymslu félagsins á Ártúnshöfða. Hefði ákærði haft afnot af flestum þessum bílum og tækjum en Jóhannes hefði þó notað tiltekinn bíl, sem ekki kemur málinu við, en fyrrverandi eiginkona ákærða, Linda Margrét Stefánsdóttir, hefði haft OD-090 (Jeep Grand Cherokee) til umráða. Fram er komið í málinu að hún hafi á þessum tíma átt hlut í Gaumi. Ákærði sagðist, aðspurður um þessi bílamál í skýrslu sinni hjá skattrannsóknarstjóra, hafa notað einn af þessum þremur bílum, TS-378 (Porsche 911 Turbo) en hann hafi lítið verið notaður, enda um hálfgerðan safngrip að ræða. Aftur á móti hafi NT-107 (Hummer) verið ónotaður. Jóhannes Jónsson var spurður um þessi mál hjá skattrannsóknarstjóra og sagði þá að eitthvað af bílunum hefðu verið safngripir en þessi verðmæti hefðu verið „undir forsjá“ ákærða.

Ákærði hefur sagt fyrir dómi að hann hafi á þessum tíma sjálfur átt fjóra bíla og bifhjól. Hann kveðst hafa verið í aðstöðu til þess að fá lánaða þá bíla sem félagið átti en kveðst ekki hafa notað sér það því hann hafi notað sína eigin bíla. Verið geti þó að hann hafi ekið þeim nokkra kílómetra en fráleitt sé að hann eigi að gjalda fyrir heils árs hlunnindi af þeim öllum. Þá segir hann að takmörk hafi auk þess verið fyrir því að hann gæti notað þessa bíla eins og honum hentaði vegna þess að aðrir hefðu haft aðgang að þeim. Einn þessara bíla hafi auk þess verið óökufær, Hummer-bíllinn og kveðst hann engin afnot hafa haft af honum. Þá hafi fyrrverandi eiginkona hans haft Jeep Grand Cherokee-bíllinn til sinna einkanota. Að því er varðar Porsche-bíllinn segist hann hafa ekið honum mjög lítið og ekki meira en nokkra tugi kílómetra. Hann kveðst hafa átt þennan bíl sjálfur, áður en Gaumur var stofnaður, en hafa lagt hann inn í fyrirtækið við stofnun þess. Af sínum eigin bílum hafi hann aðallega notað bíla af gerðunum Range-Rover og BMW. Á þessum tíma hafi hann verið í sambúð með Ingibjörgu Pálmadóttur og hafi hún átt bíl sem ákærði kveðst einnig hafa notað. Loks segir hann að á þessum tíma hafi hann dvalið mikið erlendis vegna starfs síns, eða „30–40%“ af tímanum. Hann kveðst hafa greitt skatt af þessum hlunnindum eins og öllu því sem skatturinn hafi lagt á hann til viðbótar, en það hafi hann gert nauðugur.

Kristín Jóhannesdóttir hefur sagt um þetta sakarefni fyrir dómi að bílarnir hafi verið geymdir í geymsluhúsnæði félagsins. Ekki viti hún til þess að starfsmenn hafi haft skattskyld hlunnindi af þessum bílum. Hún kveðst ekki vita eða muna hversu mikil afnot fyrrum mágkona hennar hafði af Jeep Grand Cherokee-bílnum á þessu tímabili og kveðst hún ekki hafa skipt sér af því. Segir hún mágkonuna ekki hafa verið starfsmann félagsins. Þá segir hún að lykjar að bílunum hafi ekki verið geymdir hjá henni og kveðst halda að þeir hafi verið geymdir í bílunum sjálfum. Sjálf kveðst hún ekki hafa notað neinn þessara bíla.

Jóhannes Jónsson, sem var stjórnarformaður Gaums árin 1998 til 2002, hefur greint frá því að ákærða Kristín, dóttir hans, hafi tekið við framkvæmdastjórn Gaums af honum og ákærði Jón Ásgeir hafi einnig starfað fyrir félagið að framkvæmdastjórn, enda hafi þetta verið fjölskyldufyrirtæki. Hann kveðst ekki muna vel lengur eftir þessum bílum og tækjum eða hvernig notkun þeirra var háttað. Hann kveðst hafa verið framkvæmdastjóri félagsins þegar ákveðið hafi verið að fyrrum tengdadóttir hans, Linda Margrét Stefánsdóttir, fengi til umráða

Jeep Grand Cherokee-bílinn og hann samþykkt það. Hafi hún verið hluthafi í félaginu.

Niðurstaða

Öllum þeim sem um það hafa borið í málinu ber saman um að fyrrverandi eiginkona ákærða hafi haft einn þeirra bíla sem í ákærinni greinir, OD-090 af gerðinni Jeep Grand Cherokee, til einkaafnota og að ákærði hafi ekki notað hann. Fær dómurinn ekki séð að ákærða hafi verið skylt að telja fram afnot sín af þeim bíl sem hlunnindi og skiptir þá ekki máli að hann var stjórnar- og áhrifamaður í félaginu. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af ákærinni að þessu leyti.

Um bílinn NT-107 af Hummer-gerð er það að segja að ákærði neitar því að hafa notað hann og hefur frá upphafi sagt að hann hafi ekki verið notaður vegna bilana. Hefur ákærvaldið ekki leitt neitt fram í málinu sem hnekkir því og það þótt höfð sé í huga óljós frásögn Kristínar hjá skattrannsóknarstjóra um sjö bíla og önnur farartæki félagsins. Þá er á það að líta að þótt ákærði hafi verið stjórnarmaður og atkvæðamaður í félaginu leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að hann hafi haft afnot af bíl þessum. Verður ekki séð að ákærða hafi verið skylt að telja fram sem hlunnindi afnot sín af honum og ber að sýkna hann af ákærinni að þessu leyti.

Ákærði viðurkennir að hafa notað umræddan bíl. Aftur á móti liggja ekki fyrir upplýsingar um af hvaða stofni eigi að reikna hlunnindin. Í þessu ljósi og með vísan til þess að hann hefur sannanlega notaða aðra bíla sína og um smávægileg not er að ræða, þykir hér mega sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

4.B.a og 5.B: Vantaldar fjármagnstekjur ákærða vegna sölu hlutabréfa í Baugi.

Samkvæmt ákærulið 4.B.a er ákærða Jóni Ásgeiri gefið að sök að hafa vantalið í skattframtali söluhagnað vegna sölu hlutabréfa í Baugi hf. á árinu 1999 um 7.942.364 krónur. Tekjufærslu söluhagnaðarins var frestað um tvenn áramót, sbr. 7. mgr. 17. gr. þágildandi skattalaga. Þá er honum samkvæmt ákærulið 5.B gefið að sök að hafa vantalið söluhagnað af sölu á hlutabréfum í Baugi hf. árið 2002 um 70.348.204 krónur.

Ákærði ber það fyrir sig að mistök hafi verið gerð þegar þessar tekjur hans voru taldar fram fyrir hann. Hafi mistökin falist í því að við framtalsgerðina hafi endurskoðandi hans ekki tekið tillit til jöfnunarhlutabréfa í félaginu sem gefin höfðu verið út þegar stofnverð bréfanna var reiknað. Þetta hafi leitt til þess að söluhagnaðurinn hafi ekki verið rétt fram talinn. Hann tekur fram, að hefði hann gert sér grein fyrir þessum söluhagnaði á þessum tíma, hefði hann nýtt sér rétt samkvæmt þágildandi skattalögum til frestunar skattlagningar hans. Ákærði kveðst ekki hafa skipt sér að neinu leyti af því hvernig þetta var reiknað út og talið fram. Segir hann Ragnar Þórhallsson hafa séð um að telja fram í fyrra sinnið en í það síðara hafi Stefán Hilmarsson gert það en hann hafi einnig verið endurskoðandi Baugs og Gaums á þessum tíma. Sjálfur hafi hann ekki getað farið yfir framtölin vegna mikilla anna.

Ragnar Þórhallsson kveðst ekki hafa rætt gerð framtalsins við ákærða þegar hann vann að því. Hann kveðst ekki hafa reiknað út stofnverð bréfanna og verður að ætla að það hafi verið gert hjá endurskoðanda.

Stefán Hilmarsson hefur sagt að hann hafi ekki rætt þetta atriði við ákærða þegar hann taldi fram fyrir hann. Upplýsingarnar sem hann fékk til þess að gera framtalið hafi verið komnar frá Ragnari Þórhallssyni, starfsmanni Gaums, og hafi Ragnar auk þess gert uppkast að framtalinu.

Niðurstaða

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af þessum ákærulið þar sem vísað sé til rangra töluliða á ákærunni. Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð sakamála getur það ekki varðað sýknu þótt ekki sé vísað til réttra lagaákvæða í ákæru og er það auk þess margdæmt mál.

Áður var sagt að á skattskyldum manni hvíli sú skylda að gæta þess að rétt sé talið fram að viðlagðri refsíabyrgð, ef ranglega er talið fram af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi. Ætla verður að endurskoðendur hafi séð um það að reikna út stofnverð hlutabréfanna margnefndu. Ekki hefur neitt komið fram í málinu sem bendir til þess að ákærði hafi af ásetningi valdið því að stofnverðið var reiknað með þeim hætti sem raun varð á. Þá lítur dómurinn svo á að sú skylda verði ekki með sanngirni lögð á herðar skattþegni að hann fari yfir og leiðrétti slíkan útreikning. Loks er að líta til þess atriðis að ákærða var heimilt lögum samkvæmt að fresta því að tekjufæra söluhagnaðinn og að hann hefði þannig ekki breytt neinu um skattinn á söluárinu. Dómurinn álítur, þegar þessi atriði eru metin og vegin saman, að ákærða verði í hvorugu tilvikinu reiknað það til stórfellds hirðuleysis að hafa vantalið söluhagnað af hlutabréfum í félaginu. Ber því að sýkna hann af þessum ákæruliðum.

4.B.b.: Vantaldar tekjur ákærða af hlutareign í fjárfestingafélaginu Gaumi ehf.

Fyrir liggur að 12. janúar 2001 voru greiddar inn á reikning ákærða í Landsbankanum 59.200.000 krónur. Ákærði var spurður út í þessa greiðslu hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins 1. júní 2004 og tók hann sér frest til þess að taka saman upplýsingar um hana. Var þessum upplýsingum svo komið til embættisins í greinargerð umboðsmanns ákærða 9. júní sama ár. Sagði þar að um 41.000.000 króna af þessu hefði verið endurgreiðsla láns til Ingibjargar S. Pálmadóttur, um 18.000.000 króna hefðu verið endurgreiðsla til fjárfestingafélagsins Gaums. Frekari skýringar fylgdu svo í greinargerð umboðsmannsins 5. júlí. Sagði þar að Ingibjörg hefði lánað ákærða samtals 58.500.000 krónur í tvennu lagi, 12. og 23. október 2000. Hefði hann notað lánið m.a. í þágu Gaums. Í fyrsta lagi hefði hann greitt 13.000.000 króna inn á bílinn TS-378 hjá bílabúð Benna fyrir Gaum. Þá hefði hann látið 10.000.000 króna renna inn á reikning félagsins 21. nóvember 2000. Þá hefði hann greitt 20.000.000 króna inn á reikning félagsins 12. desember 2000 og loks hefði ákærði greitt 3.500.000 krónur inn á reikning Ragnars Tómassonar lögfræðings. Væri þessi greiðsla inn á reikning ákærða, þ.e. 59.200.000 krónur, þar af leiðandi ekki tekjur ákærða og er svo að skilja að um hafi verið að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði fyrir Gaum.

Fram er komið í málinu að samkvæmt ökutækjaskrá eignaðist Gaumur ehf. bílinn TS-378 ekki í október 2000 heldur var hann þá skráður á fyrirtækið Ísrokk ehf. og að það var ekki fyrir en 25. júní 2001 að bíllinn var skráður á Gaum ehf.

Ekki eru fyrir hendi í málinu bókhaldsgögn sem styðja það að ákærði hafi lánað Gaumi 10 og 20 milljónir í nóvember og desember 2000. Fram er komið að þessar fjárhæðir voru lagðar inn á bankareikning fjárfestingafélagsins Gaums í Íslandsbanka. Af greiðslugögnum og bankayfirlitsblöðum verður ekki ráðir hver greiddi þetta fé inn á reikninginn en sjá má á viðskiptayfirliti úr bókhaldi Gaums að ákærði hafi gert það. Á kvittuninni fyrir 10 milljón króna greiðslunni stendur þetta: „vegna gr. til Kaupth. v/orku 12/12“.

Í málinu er kvittun fyrir millifærslu á 3.500.000 krónum til Ragnars Tómassonar 29. desember 2000 og þá er þar einnig að finna handskrifað bókunarblað sem virðist benda til þess að greiðslan til Ragnars hafi tengst kaupum fyrrverandi eiginkonu ákærða á íbúðarhúsi í Garðabæ. Gögn þessi er ritari ákærða sagður hafa afhent vegna skattrannsóknarinnar í málinu. Loks er til þess að taka að ekki verður fundinn neinn staður fyrir því í gögnum málsins að greiðsla ákærða á 18.268.200 krónum inn á reikning Gaums 3. desember 2001 tengist greiðslunni 12. janúar 2001 á 59.200.000 krónur inn á reikning ákærða í Landsbankanum.

Fyrir dómi hefur ákærði sagt að hann hafi lagt Gaumi til Porsche-bílinn, að verðmæti 13 milljónir, 13. október 2000. Þá hafi hann lánað félaginu 10 milljónir króna 21. nóvember það ár. Jafnframt hafi hann lagt inn á reikning félagsins 20 milljónir 12. desember. Þá hafi hann greitt Ragnari Tómassyni, fyrir ýmis verkefni vegna Gaums, 3,5 milljónir eða samtals 46,5 milljónir. Gaumur hafi svo endurgreitt honum 59,2 milljónir í janúar 2001. Í endanlegu uppgjöri í árslok hafi komið í ljós að mismunurinn á þessum tveimur fjárhæðum var ofgreiðsla til hans og hann hafi því endurgreitt um 18 milljónir. Því sé það rangt í ákærðunni að þessar 59,2 milljónir séu arður eða tekjur hans. Hann hafi lagt út fyrir félagið og það síðan endurgreitt honum. Um greiðsluna til Ragnars Tómassonar segir ákærði það vera rangt að hún tengist húsakaupum fyrrverandi eiginkonu hans en þar hafi verið

um 8 milljónir króna að ræða. Um 13 milljóna króna greiðslu til bílabúðar Benna fyrir Porsche-bíl ítrekar ákærði að hann hafi greitt þetta í þágu Gaums.

Ragnar Tómasson hefur skýrt frá því að hann hafi „tengt þessa greiðslu við uppgjör á mörgum verkum“ sem hann hafði lengi unnið að, einkum varðandi sameiningu Kringlunnar og Smáralindar. Hafi þeir ákærði komið sér saman um það í árslok að hann fengi greitt fyrir þessa vinnu, auk margs annars, og sé það skýringin á þessari greiðslu. Aðspurður hvort þessi verk hafi verið unnin fyrir ákærða persónulega eða fyrir Gaum segist hann ekki geta svarað því á annan veg en að honum hafi ávallt fundist „að Gaumur væri í bakgrunninum“. Undir hann er borið bókunarblaðið, sem nefnt var, þar sem fram kemur að færslan sé vegna húsaþessa fyrir fyrrverandi eiginkonu ákærða. Kveðst hann ekki geta skýrt þetta blað. Hann segist hafa unnið fyrir konuna að því að kaupa lóð í Garðabæ. Hvort greiðslan hafi tengst þeim kaupum segist Ragnar aðspurður ekki eiga annað svar en að nær væri að spyrja þann sem seldi henni lóðina. Kveðst hann ekki muna til þess að hafa verið „milligöngumaður þar um peningaviðskipti“. Kveðst hann vera nærri viss um að hann hafi ekki fengið sérstaka þóknun fyrir þetta viðvik og muni þetta hafa verið „gert upp í pakka“ með öðru. Þetta hafi hins vegar ekki verið stór samningur. Undir hann er borið það sem haft er eftir honum í lögregluþingmálinu um greiðsluna (3,5 milljónir) en þar kom fram að hann vissi ekki betur en að hún væri í tengslum við lóðarþingmálinu ákærða og hafi hann ekki gert annað en að koma greiðslunni áfram til seljanda lóðarinnar. Vel gæti þó verið að hluti af greiðslunni sé þóknun hans. Það þyrfti þó ekki að vera þar sem textinn bendi til annars. Hann hefði unnið mörg verk fyrir fjölskyldu ákærða og félög á hennar vegum. Gæti hann ekki gert grein fyrir því hvort verkin væru fyrir feðgana eða félögin. Hann hefði talið sig eiga töluvert inni hjá þeim fyrir vinnu við að sameina Kringluna og Smáralind. Það hefði verið gert upp með eingreiðslu en ekki myndi hann hvenær. Segist Ragnar ekki lengur geta rifjað þetta upp í einstökum atriðum enda langt um liðið. Hann kveðst annars vísa til þessa framburðar síns.

Niðurstaða

Ekki verður sagt að skýringar ákærða á greiðslu 59.200.000 króna inn á reikning hans samrýmist vel því sem leitt hefur verið í ljós við rannsókn og meðferð málsins fyrir dómi. Þannig var bíllinn TS-378 keyptur af bílabúð Benna fyrir Ísrokk ehf., 11. október 2000, en Gaumur eignaðist hann ekki fyrr en um mitt næsta ár. Þá verður ekki séð af bókhaldi félagsins að færslur á viðskiptareikningi ákærða hjá Gaumi vegna 10 og 20 milljóna séu vegna láns ákærða til félagsins. Um greiðsluna til Ragnars Tómassonar er það að segja að bókunarblaðið umrædda er eindregin vísbending um það að greiðslan sé fyrir vinnu Ragnars vegna húsnæðiskaupa fyrrverandi konu ákærða. Hefur óljós framburður hans í málinu ekki skýrt þessa færslu frekar. Þá verður ekki séð af bókhaldsgögnum í málinu hvert samband er á milli greiðslu á rúmunum 18,2 milljónum inn á reikning Gaums í Íslandsbanka 3. desember 2000 og greiðslunnar á 59,2 milljónum til ákærða. Sú skýring hans á henni að þar hafi verið um að ræða endurgreiðslu vegna ofgreiðslu getur heldur ekki talist vera trúleg. Dómurinn álitur að slá megi því föstu að umrædd greiðsla að fjárhæð 59,2 milljónir króna inn á reikning ákærða séu tekjur hans sem honum hafi borið að telja fram til skatts. Verður að meta honum það til stórfellds hirðuleysis að hafa ekki talið hana fram og telst hann hafa brotið gegn 1.

mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærði Tryggvi vegna eigin skattskila

1. Vantaldar launatekjur að fjárhæð 5.000.000 króna á skattframtali 1999.

Meðal gagna málsins er ódagsett blað, sem prentað var út úr tölvukerfi Baugs Group hf. við húsleit hjá félaginu og virðist geyma drög að ráðningarsamningi milli ákærða og meðákærða Jóns Ásgeirs eða samkomulagi um starfskjör hans. Þar stendur: „Upphafsgreiðsla: 5,0 millj. kr., sem færast þurfa þannig að ekki komi til skatta.“ Þá eru í málinu gögn úr endurskoðunarmöppu Baugs þar sem tiltekinn er „ófrádráttarbær kostnaður, greiðsla til TJ 5.000.000“, skjal með yfirskriftinni „Loka 211“, sem er yfirlit frá KPMG endurskoðun hf. yfir „lokafærslur 31. 12. 99“, en þar kemur fram „gjaldfærð þóknun 5.000.000“ og loks hreyfingalisti 1.1. 99 til 31.12. 99 þar sem þessi færsla kemur fram. Ákærði Tryggvi skýrði þetta atriði svo í yfirheyrslu hjá skattrannsóknarstjóra í apríl 2004 að þegar hann hefði ráðið sig til Baugs hefði hann samið um það að tvenns konar umbun til hans frá félaginu yrði skattlaus, annars vegar bílahlunnindi og hins vegar uppbót fyrir tap sem hann yrði fyrir við það að hætta störfum hjá KPMG. Bílahlunnindin hefðu verið þannig úr garði gerð að eftir að þau höfðu verið reiknuð hefði hann fengið launauppbót sem svaraði til skatts af þeim. Uppbótin hefði verið í formi þessarar 5 milljóna króna greiðslu og hefði hún ekki verið talin fram á hann sem laun, þar eð um hefði verið að ræða skaðabætur vegna skerðingar á hlutabréfum ákærða í KPMG. Hefði það verið endurskoðandi fyrirtækisins sem hefði ákveðið að haga þessu svo. Skýrði ákærði þetta nánar í annarri yfirheyrslu í maí 2005 og sagði samning hans við endurskoðunarskrifstofuna hafa verið með þeim hætti að ef hann seldi hlutabréf í skrifstofunni fyrir 55 ára aldur myndi söluverðið lækka eftir ákveðnum reglum.

Stefán Hilmarsson endurskoðandi Baugs var yfirheyrður um þetta sakaratriði hjá skattrannsóknarstjóra í apríl 2004. Voru þá borin undir hann gögnin sem gerð hefur verið grein fyrir hér að ofan. Er haft eftir honum í skýrslu um þessa yfirheyrslu að honum ofbyði það sem komi fram í einu þessara skjala (líklega drögin að starfskjarasamningi ákærða). Kvaðst hann ætla að 5 milljóna króna greiðslan hafi verið viðskiptafærð í byrjun. Þegar ákærði hefði verið spurður um þessa greiðslu hefði hann sagt að um væri að ræða bætur fyrir skerðingu á hlutabréfaeign sinni í endurskoðunarskrifstofunni. Ekki hefði verið dregin staðgreiðsla af þessari fjárhæð og kvaðst hann þá hafa látið færa hana sem ófrádráttarbæran kostnað í skattskilum félagsins og það verið það minnsta sem hægt var að gera. Ekki hefði hann fengið frekari skýringar á þessari greiðslu og engin skjöl varðandi hana. Hefði þessi fjárhæð ekki verið talin fram sem laun á ákærða. Skýrsla þessi hefur verið borin undir Stefán fyrir dóminum og kveðst hann ekki muna til hvers hann var að vísa í henni. Hann geti ekki annað sagt en að greiðslan umrædda hafi komið frá Bónus árið 1998.

Ákærði hefur sagt um þetta ákæruatriði fyrir dómi að hann reki minni til þess að hafa fengið þessa greiðslu en hann minni einnig að hún hafi ekki verið innt af hendi í árslok. Hann kannast við drögin sem nefnd voru hér að framan og segir þau vera frá honum komin. Hafi hann viljað tryggja að hann þyrfti ekki að greiða skatt af tvennu, þessari upphafsgreiðslu og einnig bílahlunnindum. Um 5 milljón króna greiðsluna segir hann að hún hafi ekki komið frá Baugi heldur frá Bónus sem þá hafi verið í eigu Gaums en þetta hafi líklega verið rétt fyrir stofnun Baugs. Hafi þessi greiðsla verið til þess að mæta tapi sem hann varð fyrir við það að hætta störfum hjá endurskoðunarskrifstofunni, enda hefði hann orðið að selja hlut sinn í henni. Hafi hann því átt að fá 5 milljónir nettó frá þeim aðilum sem hugðu á það að stofna Baug, þ.e. Kaupþingi, FBA, Gaumi og Bónus, til þess að mæta tapinu af hlutabréfasölu. Hann segir KPMG hafa séð um að telja fram fyrir hann til skatts og hafi hann treyst því að rétt yrði talið fram. Hafi þetta líklega farið þannig fram að hann hafi fengið þessa fjárhæð greidda frá Bónus í apríl eða maí 1998. Síðan hefði hann átt að fá launamiða þar sem fram væru taldar á hann um 8 milljónir sem yrðu þá hluti af heildarlaunagreiðslu ársins. Á launamiðanum til hans hafi 5 milljóna króna greiðslan ekki verið sérgreind og hann ekki fengið sérstakan launamiða vegna hennar. Hann segist hafa hitt Stefán Hilmarsson að máli haustið 2000, þegar unnið var í skattframtali Baugs, og Stefán þá sagt að farið hefði verið með þessa greiðslu sem ófrádráttarbæran kostnað. Hefði hún því ekki verið gjaldfærð hjá Baugi. Hann hafi þá komist á þá skoðun að ekki hefði verið rétt að þessu stadi hjá KPMG en gert ráð fyrir því að þetta yrði þegar leiðrétt. Hafi hann haldið að þessi greiðsla yrði hluti af heildarlaunagreiðslu hjá Baugi fyrir árin 1998 eða 1999. Síðar hafi hann hins vegar komist að því að þetta hefði ekki verið leiðrétt. Kveðst hann þá hafa óskað eftir því í bréfi til skattyfirvalda í ágúst 2004 að fá að leiðrétta framtal sitt og greiða af þessu skatt. Hafi hann gert þetta þótt verið gæti að þegar hefði verið greiddur skattur af þessari fjárhæð. Hafi skattyfirvöld orðið við þessari beiðni. Hann kveðst aldrei hafa vísitandi talið rangt fram til skatts og aldrei hafi hvarflað að honum að gera slíkt. Þá segir hann að árið 2006 hafi allir skattar hans, sem skattyfirvöld álitu vangreidda, verið greiddir. Seinna hafi hann svo fengið endurgreiddan oftekinn skatt.

Ákærði vekur athygli á því að skjalið „ófrádráttarbær kostnaður, greiðsla til TJ 5.000.000“ sé líklegast óviðkomandi þessari greiðslu, enda sé sú fjárhæð lögð þar við 29 milljóna króna greiðslu varðandi „starfslokasamning“ sem hann upplýsir að hafi verið gerður við hann 2003. Sé útilokað að menn hefðu farið að leggja þessar tvær greiðslur saman.

Niðurstaða

Dómurinn lítur svo á að umrædda greiðslu til ákærða hefði ótvírætt borið að telja fram með tekjum hans á skattframtalinu 1999, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. þágildandi og núgildandi skattalaga. Með vísan til þess sem áður var sagt um ábyrgð skattskylds manns á skattframtali sínu ber að meta ákærða það til stórfellds hirðuleysis að hafa ekki talið greiðsluna fram og telst hann hafa brotið gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

2.a, 3.a, 4 og 5: Vantaldar tekjur vegna greiðslu Baugs hf. á líftryggingariðgjaldi á skattframtölum árin 2000, 2001 og 2002.

Fyrir liggur að ákærði taldi þessar greiðslur ekki fram í skattframtölunum þessi fjögur framtalsár. Þá liggur einnig fyrir að þær voru ekki taldar fram til staðgreiðslu af hálfu Baugs hf. Tryggingarskírteini vegna þessara trygginga hafa ekki verið borin undir ákærða og hafa ekki fundist í gögnum málsins. Aftur á móti eru í málinu 6 kvittanir fyrir greiðslu tryggingariðgjalda af hálfu félagsins þessi ár og er málatilbúnaður ákærvaldsins byggður á þeim. Á fimm af þessum kvittunum, sem stafa frá Sameinaða líftryggingafélaginu hf. kemur fram að þær séu fyrir greiðslu iðgjalds vegna líftryggingar ákærða og eru réttthafar þar tilgreindir nánustu vandamenn. Á einni iðgjaldskvittun, sem er frá Tryggingamiðstöðinni, sem er að fjárhæð 90.913 krónur og varðar framtalið 2000, kemur hins vegar ekki fram hvers konar tryggingu er um að ræða og réttthafi er þar heldur ekki tilgreindur.

Ákærði kannast við þessar iðgjaldsgreiðslur en hann kveðst telja að ekki þurfi að standa skil á staðgreiðslu af slíkum greiðslum og megi ekki líta svo á að slíkar greiðslur séu tekjur launþegans. Yfirleitt sé um að ræða blandaðar tryggingar, sjúkra- og líftryggingar. Réttthafar samkvæmt þeim séu þá aðstandendur vegna líftryggingarhlutans en vinnuveitandinn vegna veikinda starfsmannsins en það sé mun líklegri tryggingaratburður en andlát starfsmannsins. Muni endurskoðendur almennt ekki telja það til frádráttarbærs kostnaðar og heldur ekki til skattskyldra hlunninda launþegans þegar um slíka tryggingablöndu er að ræða. Vekur ákærði í þessu sambandi athygli á því að um þetta hafi verið fjallað af hálfu endurskoðunarskrifstofunnar KPMG, sem talið hafi fram fyrir ákærða og Baug, og hafi þar á bæ verið litið svona á málið.

Í liðnum 2.A.a, 3.A.a, 4.A.a og 5.A.a hér að framan er gerð grein fyrir því sem fram hefur komið fyrir dómi um þessi málefni hjá Auðbjörgu Friðgeirsdóttur, innri endurskoðanda Baugs, Stefáni Hilmarssyni og Önnu Þórðardóttur, endurskoðendum KPMG. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

Niðurstaða

Fram er komið hjá ákærða og vitnunum Auðbjörgu Friðgeirsdóttur og Stefáni Hilmarssyni að hluti af iðgjaldsgreiðslunum, sem um ræðir, hafi verið fyrir sjúkratryggingar. Tryggingarskírteinin hafa ekki verið lögð fram í málinu og er þessi ákæruliður byggður á kvittunum fyrir iðgjaldsgreiðslum. Í einni kvittun af sex er ekki tiltekið hvers konar tryggingu félagið greiddi iðgjöld fyrir. Verður því að telja að það sé óupplýst og að þar með verði engu slegið föstu um það hvort borið hafi að telja þá iðgjaldsgreiðslu, 90.913 krónur, fram sem hlunnindi á skattframtali ákærða árið 2000. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna ákærða af ákærinni varðandi hana.

Sem fyrr segir eru fimm af kvittununum samkvæmt hljóðan sinni fyrir líftryggingariðgjöldum og einnig eru þar tilgreindir nánustu vandamenn ákærða

sem rétt hafar. Verður að telja að nægilega sé sannað að þar sé um að ræða líftryggingariðgjald. Þegar litið er til þess að á þeim tíma, sem hér um ræðir, ríkti a.m.k. óvissa um það í skattaframkvæmd hvort líftryggingariðgjöld teldust vera hlunnindi starfsmanns og þar með framtalsskyld, svo og til þess að um lágar fjárhæðir var að ræða, verður það ekki metið ákærða til stórfellds hirðuleysis að hafa ekki talið þessar greiðslur fram sem hlunnindi á skattframtölum sínum. Ber af þeirri ástæðu að sýkna hann af ákærinni að þessu leyti.

2.b: Vantaldar tekjur af kauprétti að hlutabréfum í Baugi í skattframtali 2000.

Fyrir liggur að ákærði neytti réttar sem hann átti til þess að kaupa hlutabréf í Baugi hf. Voru bréfin að nafnverði 5 milljónir króna en mismunur á kaup- og söluverði bréfanna, 18.800.000 krónur, var lagður inn á reikning ákærða í Kaupþingi, Lúxemborg. Þá liggur fyrir að þessa hagnaðar var ekki getið á skattframtali ákærða árið 2000. Fé þetta var flutt á innlendan bankareikning ákærða á árinu 2002 og taldi hann þessa greiðslu fram í skattframtali 2003.

Fyrir dómi hefur ákærði sagt að hluti af hlutabréfum í Baugi hafi verið geymdur á vörslureikningi í Kaupþingi Lúxemborg. Hafi hann og aðrir stjórnendur haft rétt til þess að kaupa hlutabréf í félaginu og þeir þannig keypt bréf út af þeim reikningi eftir ákveðnum reglum. Hafi hann í fyrsta sinn notfært sér þetta í júlí 1999 og hagnast um 18,8 milljónir króna. Hann vekur athygli á því að á þessum tíma hafi verið litið á skattahlið kaupréttar á annan hátt en nú sé gert og hafi ríkisbankarnir á þessum tíma gert starfsfólki sínu sambærilegan kost í þessu efni og Baugur. Hafi verið greiddur fjármagnstekjuskattur af þessum kaupréttarhagnaði. Hafi einnig verið litið svo á að hann yrði skattskyldur þegar féð væri flutt til landsins. Um haustið 1999 hafi hæstaréttardómur fallið þar sem því hafi verið slegið föstu að kaupréttur að hlutabréfum skyldi teljast skattskyld hlunnindi. Eftir þennan dóm hafi þessari kaupréttarframkvæmd erlendis verið hætt vegna þess að menn vildu skoða þetta atriði nánar. Hann kveðst svo hafa flutt þetta fé til landsins árið 2002, talið það fram sem launatekjur og greitt af því skatt árið 2003. Ríkisskattstjóri hafi hins vegar litið svo á að þetta fé ætti að skattleggja með tekjum ársins 1999 en ekki með tekjum ársins 2002, þegar hann flutti féð til landsins. Hafi honum jafnframt verið gert að greiða [álag] samkvæmt því. Hann hafi kært þennan úrskurð til yfirskattanefndar sem hafi litið svo á að ákærði hefði farið rétt að og hann fengið [álagið] endurgreitt.

Í lið 2.A.b hér að framan er gerð grein fyrir dómskýrslum þeirra Stefáns Hilmarssonar, Auðbjargar Friðgeirsdóttur og Önnu Þórðardóttur um kauprétt og vísast til þeirrar greinargerðar.

Niðurstaða

Óumdeilt er að ákærði nýtti sér kauprétt til hlutabréfa á árinu 1999 og fékk greiddar 18.800.000 krónur inn á reikning sinn hjá Kaupþingi í Lúxemborg. Þá liggur einnig fyrir að hann taldi hagnaðinn af þeim viðskiptum ekki fram sem tekjur í skattframtali sínu árið 2000. Ákærði ber það fyrir sig að á þessum tíma, eða fram að hæstaréttardómi á árinu 1999, hafi verið talið, þar á meðal í ríkisbönkunum, að telja ætti fram slík hlunnindi manna erlendis sem tekjur þegar féð væri flutt til

landsins en ekki það ár sem þau urðu til erlendis.

Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 2. mgr. 60. gr. 1. um tekjuskatt og eignarskatt, skal að jafnaði telja til tekna tekjur á því ári sem þær stofnast, nema um „óvissar tekjur“ sé að ræða. Hér er á það að líta að hagnaður ákærða af hlutabréfaviðskiptunum leiddi af samningsbundnum rétti hans sem hann réði sjálfur hvenær hann hagnýtti sér. Getur hagnaðurinn því ekki talist vera óvissar tekjur í skilningi þessa ákvæðis skattalaga. Þá gefa önnur ákvæði laganna eða lögskýringargögn ekki tilefni til þess að miða hér við annað ár en eiginlegt tekjuár. Loks er þess að geta að skattalög gera ekki mun á því hvort tekjur falla til erlendis eða hérlendis og er í þessu sambandi á það að líta að það var einnig á valdi ákærða hvenær hann flutti féð til landsins. Umrædd greiðsla var því framtalsskyld samkvæmt 1. tl. A-kafla 7. gr. eldri og núgildandi laga um tekjuskatt. Verður að meta ákærða það til stórkostlegs hirðuleysis að hafa ekki talið hana fram á framtali árið 2000. Telst hann þannig hafa brotið gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

3.b: Vantaldar tekjur í formi launauppbótar (bónusgreiðslu) hjá Baugi hf. í skattframtali 2001.

Fyrir liggur að 31. mars 2000 voru greiddar af reikningi Baugs hf. í Lúxemborg inn á reikning ákærða 5.000.000 króna. Þá liggur einnig fyrir að ákærði taldi þessa greiðslu ekki fram til skatts sem laun á framtali sínu 2001. Í málinu er ljósrit skuldabréfs ákærða, útgefið 31. mars 2000 með einum gjalddaga, 31. mars 2005. Bréf þetta var hins vegar ekki stimplað fyrr en 20. desember 2002. Ákærði var yfirheyrdur um þetta tilvik hjá skattrannsóknarstjóra í apríl 2004 og sagði það hafa verið uppgjör á launabónus til sín. Hefði hann fengið greiðslu þessa fyrir fram upp í launabónus en sett skuldabréf á móti greiðslunni og þetta gert upp síðar, á árinu 2002 og þá gerð grein fyrir greiðslunni á launamiða. Hann hefði svo greitt upp skuldabréfið. Hafi því í raun verið um lán til hans að ræða. Auðbjörg Friðgeirsdóttir var yfirheyrd um þetta atriði hjá skattrannsóknarstjóra í mars 2004 og kvaðst hún ekki kannast við að hafa séð þessa greiðslu í bókhaldi Baugs á árinu 2000. Stefán Hilmarsson sagði einnig við yfirheyrslu í apríl þetta ár að honum hefði ekki verið kunnugt um þessa greiðslu.

Ákærði hefur sagt um þetta atriði málsins fyrir dómi að hann hafi á þessum tíma verið fjárþurfi vegna einhverra fjárfestinga en eftir að kaupréttarmálin fóru í uppnám haustið 1999, í kjölfar hæstaréttardómsins, hafi þetta vandkvæði verið leyst með því að hann samdi við eigendur félagsins um það að hann félli frá kaupréttinum sem gert var ráð fyrir í upphafi en í staðinn voru honum greiddar fimm milljónir króna sem hann setti skuldabréf á móti. Hann kveðst hafa sagt upp störfum í október árið 2002 en í janúar 2003 hafi hann fengið fimm milljóna króna launabónus sem hafi verið talinn fram á hann á sérstökum launamiða. Kveðst hann hafa greitt staðgreiðslu skatts af þeirri þóknun. Hafi þessi fjárhæð verið notuð sem innágreiðsla á skuldabréfið. Þá hafi hann í mars árið 2003 greitt eitthvað á aðra milljón til þess að greiða bréfið upp að fullu. Þannig sé þessi fimm milljóna króna bónus, sem haldið sé fram að hann hefði átt að telja fram, í raun og veru tæplega sjö milljóna króna skuld sem hann hafi greitt úr eigin vasa. Sé því alls ekki um neina

bónusgreiðslu að ræða. Þótt einhverjum kunni að þykja þetta kynlegt verði að hafa í huga að hann hafði sagt upp störfum hjá félaginu þegar hér var komið sögu og gat ekki vænst þess að semja við félagið um hagkvæmari lausn á þessu síðar. Um dagsetningu stimpilsins á skuldabréfinu segir ákærði að hann viti ekki í hvers höndum bréfið var á þeim tíma eða hvernig á stimplinum standi.

Niðurstaða

Eins og fyrr sagði gaf ákærði þá skýringu á greiðslunni þegar hann var yfirheyrður hjá skattrannsóknarstjóra að um launabónus væri að ræða en sagðist jafnframt hafa afhent skuldabréf á móti sem hann hefði svo síðar gert upp. Fyrir dómi hefur hann hins vegar sagt að um lán hafi verið að ræða sem hann hefði svo greitt upp með vöxtum. Hafi þetta lán komið í stað sammingsbundins kaupréttar hans að hlutabréfum í Baugi. Er helst að skilja ákærða svo að félagið hafi rift þessu sammingsákvæði. Framburður ákærða um þetta sakaratriði hefur verið óstöðugur og dóminum þykja skýringar hans með nokkrum ólíkindum. Þá getur stimpillinn á skuldabréfinu ekki talist gera þær trúverðugri. Dómurinn álitur að umrædd greiðsla til ákærða hafi verið framtalsskyldar tekjur samkvæmt 1. tl. A-kafla 7. gr. eldri og nógildandi laga um tekjuskatt. Verður að meta ákærða það til stórkostlegs hirðuleysis að hafa ekki talið hana fram á framtali árið 2001. Telst hann þannig hafa brotið gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákærðu Jón Ásgeir og Tryggvi vegna brota í rekstri Baugs hf. (síðar Baugs Group hf.)

1.: Jón Ásgeir vegna rangra skilagreina á árunum 1998, 1999, 2000, 2001, 2002.

Ákærði var ráðinn forstjóri Baugs hf. með starfssamningi, dagsettum 18. júní 1998 og gegndi hann því starfi fram til þess að nýtt félag, Baugur Group hf., var stofnað á grunni Baugs hf. á aðalfundi félagsins, 30. maí 2002. Tók meðákærði Tryggvi þá við forstjórastarfinu af ákærða. Ákærði hefur þegar verið sýknaður af því að vantelja tekjur sínar árin 2000, 2001, 2002 og 2003 vegna greiðslu Baugs hf. á líftryggingariðgjaldi, sbr. ákæruliði 2.A.a, 3.A.a, 4.A.a og 5.A.a, þar eð hann er ekki talinn hafa í því efni sýnt af sér stórkostlegt hirðuleysi. Samkvæmt 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda varðar það mann refsingu ef hann af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans. Hin huglægu refsiskilyrði eru m.ö.o. þau sömu og í tekjuskattslögunum. Með vísan til rökstuðnings dómsins hér að framan um þessa ákæruliði ber þegar að sýkna ákærða af því að hafa skilað röngum skilagreinum vegna iðgjaldsgreiðslna varðandi hann sjálfan, svo og vegna iðgjaldsgreiðslna varðandi Tryggva Jónsson, Óskar Magnússon og Jón Björnsson og af því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu af þessu fé.

Koma þá til athugunar staðgreiðsluskil af greiðslum frá Baugi hf. til þeirra Jóns Björnssonar, Óskars Magnússonar og ákærða Tryggva.

a. Röng skilagrein, desember 1998, varðandi greiðslu til ákærða Tryggva frá Baugi hf., að fjárhæð 5.000.000 krónur.

Áður er gerð grein fyrir þessari greiðslu til ákærða Tryggva undir lið II.1 og þar er jafnframt ályktað að hún hafi verið laun sem ákærða Tryggva hafi borið að telja fram til skatts. Leiðir af því að skylt var samkvæmt 20. gr. staðgreiðslulaga að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af þessari fjárhæð, 1.951.000 krónum, og afhenda skilagrein fyrir því. Það liggur jafnframt fyrir að hvorugt var gert á þeim tíma sem áskilinn er í staðgreiðslulögunum. Fram er komið í málinu að Baugur hf. var á þessum tíma með mikil umsvif og fjölda starfsmanna. Þá hefur það einnig komið fram að sérstök launadeild félagsins sá um það að reikna út laun og skatta starfsmanna, útbúa skilagreinar og gera skil á staðgreiðslufé. Ákærði segist ekki muna sérstaklega eftir þessari greiðslu.

Niðurstaða

Á það er að líta að greiðsla þessi var til eins af æðstu stjórnendum félagsins. Þá var hún fyrir utan venjuleg launakjör starfsmanna félagsins og ákærði átti auk þess þátt í því að semja um hana. Álítur dómurinn að honum hafi borið sérstök skylda til þess að gæta að því að hennar væri getið í skilagrein og að félagið stæði skil á staðgreiðslu af henni. Verður að meta honum það til stórkostlegs hirðuleysis að svo skuli ekki hafa verið gert og hefur hann með þessari vanrækslu orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Röng skilagrein, júní 1999, varðandi greiðslu til Jóns Björnssonar að fjárhæð 5.100.000 krónur.

Jón Björnsson var á þeim tíma sem hér skiptir máli framkvæmdastjóri Hagkaupa hf., dótturfélags Baugs hf. Fyrir liggur að hann þáði frá Baugi hf. 5.100.000 krónur 10. júní 1999. Á hreyfingalista félagsins vegna rekstrarársins 1999 stendur þetta við greiðsluna: „Jón Ásgeir Jóhannesson, millif. v/Jóns Bj.“ Á launaseðli til Jóns Björnssonar fyrir apríl 2003 er hins vegar getið jafnhárrar bónusgreiðslu. Þá er í málinu yfirlýsing ákærða, dagsett 18. maí 1999, til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis þar sem segir að Jón Björnsson eigi inni söluhagnað vegna hlutabréfa að verðmæti 5 milljónir króna, innleysanlegan frá og með 12. júní 1999. Jón Björnsson sagði í skýrslu hjá lögreglu í apríl 2003 að um væri að ræða bónusgreiðslu vegna ársins 1998 sem ákærði hefði lofað honum ef honum tækist að snúa við rekstri Hagkaupa á árinu 1998. Þegar ákærði var yfirheyrður um þetta atriði málsins hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ári seinna staðfesti hann að þetta væri nákvæmlega rétt hjá Jóni Björnssyni. Þá sagði hann að skattyfirvöldum hefði ekki verið gerð grein fyrir þessari greiðslu á þeim tíma sem hún átti sér stað en þetta hefði verið gert upp árið 2003. Fyrir dómi hefur ákærði sagt að þessi greiðsla hafi verið lán til Jóns Björnssonar en ekki launagreiðsla og hafi hún því ekki verið bókfærð sem launagreiðsla hjá félaginu.

Jón Björnsson hefur komið fyrir dóm og sagt að um árangurstengda greiðslu eða bónusgreiðslu hafi verið að ræða en hún muni hafa verið færð sem lán til að byrja með. Hafi ekki verið dregin af henni staðgreiðsla fyrr en síðar og gæti það hafa verið árið 2003. Kveðst hann halda að þetta hafi verið látið ófrágengið því alltaf hafi legið ljóst fyrir að þetta væri greiðsla til hans.

Niðurstaða

Sú viðbára ákærða fyrir dómi, að greiðslan til Jóns Björnssonar hafi verið lán, hefur engan stuðning af gögnum málsins og er í mótsögn við það sem haft var eftir honum undir skattrannsókninni. Þá rekst hún á framburð Jóns Björnssonar sem frá upphafi hefur sagt þetta hafa verið bónusgreiðslu. Loks þykir yfirlýsing ákærða til sparisjóðsins í maí 1999 og einnig síðbúinn launaseðill til Jóns Björnssonar styðja framburð Jóns Björnssonar um tilurð greiðslunnar. Álitur dómurinn óhætt að byggja á framburði hans um greiðsluna og það sé sannað í málinu að um launagreiðslu til hans hafi verið að ræða. Á það er að líta að greiðsla þessi var til hátt setts manns hjá félaginu. Þá var hún fyrir utan venjuleg launakjör starfsmanna þess og ákærði ákvað hana sjálfur. Bar honum sérstök skylda til þess að gæta þess að hennar væri getið í skilagreini og að félagið stæði skil á staðgreiðslu af henni. Verður að meta honum það til stórkostlegs hirðuleysis að svo skuli ekki hafa verið gert og hefur hann með þessari vanrækslu orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

c. Röng skilagreini, desember 1999, varðandi afhendingu bíls, að fjárhæð 6.891.722 krónur, og húsgagna, að fjárhæð 300.000 krónur, til Óskars Magnússonar.

Meðal gagna málsins er kvittun úr bókhaldi Baugs hf., undirrituð af Hrafnhildi Sigurðardóttur, sem mun vera eiginkona Óskars Magnússonar, fyrir móttöku á 300.000 krónum „vegna kaupa á notuðu antiksofasetti úr leðri“. Þá eru í málinu bókhaldsgögn úr félaginu þar sem fram kemur að í árslok 1999 fékk Óskar afhentan Cadillac-bíl sem hann hafði haft til afnota sem stjórnarformaður félagsins þar til hann hætti í árslok 1999. Bókfært verð bílsins hjá Baugi í árslok var 6.891.722 krónur en þá voru jafnframt færðar 2.891.722 krónur á reikningslykil fyrir „Gjaldfærðir starfslokasamningar“ og 4 milljónir króna inn á lykilinn „Viðskiptamannar. eigendur-stjórnendur“. Í árslok 2000 var viðskiptaskuld Óskars við félagið afskrifuð og fjárhæðin 4.128.201 króna færð á reikningslykilinn „Ýmislegt ófrádráttarbart“.

Niðurstaða

Óumdeilt er að þessi verðmæti voru hluti af greiðslu til Óskars samkvæmt starfslokasamningi hans við félagið. Að því er varðar bílinn umrædda álitur dómurinn rétt að miða við það verðmæti bílsins, sem samið var um, 4.000.000 króna. Þá liggur það fyrir að ákærði átti þátt í því að semja um þessar greiðslur við hann. Loks liggur það fyrir að félagið taldi þetta ekki fram sem laun á Óskar

Magnússon og að ekki var gerð skilagrein um þessa greiðslu til innheimtumanns ríkissjóðs eða staðin skil á staðgreiðslu af henni. Athuga verður að greiðsla þessi var til eins af æðstu stjórnendum félagsins. Þá var hún fyrir utan venjuleg launakjör starfsmanna þess og ákærði átti auk þess þátt í því að semja um hana. Álitur dómurinn að ákærða hafi borið sérstök skylda til þess að gæta að því að hennar væri getið í skilagrein og að félagið stæði skil á staðgreiðslu af henni. Verður að meta ákærða það til stórkostlegs hirðuleysis að svo skuli ekki hafa verið gert og hefur hann með þessari vanrækslu orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

d. Röng skilagrein, mars 2000, varðandi greiðslu til ákærða Tryggva að fjárhæð 5.000.000 króna.

Áður er gerð grein fyrir þessari greiðslu til ákærða Tryggva undir lið II.3.b og þar er jafnframt ályktað að hún hafi verið laun sem ákærða Tryggva hafi borið að telja fram til skatts. Leiðir af því að skylt var samkvæmt 20. gr. staðgreiðslulaga að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af þessari fjárhæð, 1.927.821 krónu, og afhenda skilagrein fyrir því. Það liggur jafnframt fyrir að hvorugt var gert á þeim tíma sem áskilinn er í staðgreiðslulögunum. Fram er komið í málinu að Baugur hf. var á þessum tíma með mikil umsvif og fjölda starfsmanna. Þá hefur það einnig komið fram að sérstök launadeild félagsins sá um það að reikna út laun og skatta starfsmanna, útbúa skilagreinar og gera skil á staðgreiðslufé. Ákærði var yfirheyrður um þessa greiðslu hjá skattrannsóknarstjóra í apríl 2004 og kannaðist hann ekki við hana. Gæti hann því ekki tjáð sig um hana. Fyrir dómi hefur ákærði sagt um þessa greiðslu að um sé að ræða sambærilegt lán við það sem Jóni Björnssyni hafi verið veitt. Bendir hann á að fyrir greiðslunni séu í gögnum málsins bæði skuldabréf á móti henni og uppgreiðslutilkynning.

Niðurstaða

Sem fyrr segir hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að umrædd greiðsla hafi verið laun en ekki lán eins og ákærði heldur fram. Á það er að líta að greiðsla þessi var til eins af æðstu stjórnendum félagsins. Þá var hún fyrir utan venjuleg launakjör starfsmanna félagsins og ákærða hlaut að vera kunnugt um hana þegar hún var gerð. Álitur dómurinn að ákærða hafi borið sérstök skylda til þess að gæta þess að hennar væri getið í skilagrein og að félagið stæði skil á staðgreiðslu af henni. Verður að meta honum það til stórkostlegs hirðuleysis að svo skuli ekki hafa verið gert og hefur hann með þessari vanrækslu orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

2.: Tryggvi vegna rangra skilagreina á árinu 2002.

Eins og áður er komið fram var ákærði ráðinn forstjóri Baugs hf. á aðalfundi félagsins, 30. maí 2002 að hann tók við því starfi af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Ákærði Jón Ásgeir hefur verið sýknaður af því að vantelja tekjur sínar vegna greiðslu Baugs hf. á líftryggingariðgjaldi, sbr. ákæruliði 2.A.a, 3.A.a, 4.A.a og 5.A.a, þar eð hann telst í því efni ekki hafa sýnt af sér stórkostlegt

hirðuleysi. Þá var hann, með vísan til þessa, sýknaður af því í næsta lið hér að framan að hafa skilað röngum skilagreinum vegna iðgjaldsgreiðslna og af því að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu af þessu fé. Jafnframt því að vísa til umfjöllunar dómsins um þessa liði ber þegar að sýkna ákærða Tryggva af því að hafa skilað röngum skilagreinum vegna iðgjaldsgreiðslna varðandi hann sjálfan, svo og vegna iðgjaldsgreiðslna varðandi Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggva Jónsson og Jón Björnsson og af því að hafa ekki jafnframt staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu af þessu fé.

Koma þá til athugunar staðgreiðsluskil af 8 milljón króna greiðslu frá Baugi hf. til Jóns Björnssonar, 14. júní 2002.

Í málinu er ljósrít af ráðningarsamningi Baugs hf. við Jón Björnsson, dagsettum 10. janúar 2001. Segir þar meðal annars að Jón eigi kauprétt að hlutabréfum í félaginu að nafnvirði 1.677.000 krónur á genginu 6,64 það árið. Samkvæmt yfirliti um hreyfingar á hlutabréfum í Baugi á reikningi í Kaupþingi í Lúxemborg voru tekin út bréf af reikningnum fyrir 8 milljónir króna að nafnverði, hinn 14. júní 2002. Var greiðslan lögð inn á reikning Jóns Björnssonar þar í bankanum. Þá er í málinu staðfesting frá bankanum til hans, dagsett 4. október 2002 þar sem segir að bankinn hafi þann dag selt fyrir hann „ISK 8.000.000 Bonds Skuldabref Jon Bjornsson 12% 14.06. 2007“ fyrir 8.291.944 krónur.

Jón Björnsson sagði um þessa greiðslu og aðrar af því tagi í yfirheyrslu hjá skattrannsóknarstjóra í apríl 2004, að ákærði hefði viljað „gera upp kaupréttina“ við hann. Hefði ákærði sagt að hann skyldi kaupa bréfin en Kaupþing Lúxemborg myndi lána honum fyrir kaupunum. Gæti hann þannig nýtt sér þessa kauprétti. Hefði hann aðgang að þessum peningum sem láni og yrðu kaupréttirnir gerðir upp síðar. Fram að því yrði litið á þetta sem lán. Kvaðst Jón Björnsson hafa greitt bréf þessi upp á árinu 2003. Hann kvaðst ekki hafa samið um þetta við aðra en ákærða Jón Ásgeir en Tryggvi hefði hins vegar séð um að útfæra þetta. Jón Björnsson hefur sagt um þessa greiðslu fyrir dómi að hún hafi verið greidd honum „sem lán“ en hún hafi verið hluti af kauprétti hans samkvæmt ráðningarsamningi. Hins vegar hafi það alltaf verið ófrágengið hjá Baugi hvernig ætti að „útfæra“ slíkt og hafi hann fengið þetta sem lán, reyndar frá Kaupþingi, sem tímabundna lausn það árið. Hafi hann látið skuldabréf á móti greiðslunni. Hann hafi hins vegar hvorki talið fram eignir né skuldir vegna þessarar greiðslu á skattframtali vegna þessa árs.

Ákærði hefur sagt um þessa greiðslu fyrir dómi að hann hafi aldrei haft afskipti af neinum málefnum sem snertu Jón Björnsson heldur hafi meðákærði Jón Ásgeir eða aðrir í stjórn Baugs séð um samninga við hann. Þá tekur hann fram að hann hafi skyndilega þurft að taka við forstjórastarfi hjá félaginu 30. maí 2002 eftir að þáverandi stjórnarformaður hefði tilkynnt um það deginum áður að hann hygðist láta af störfum. Hann hafi þó í reynd ekki hafið störf strax þar sem hann fór af landi brott 31. maí. Hafi hann ekki komið aftur til lands fyrir en 20. júní og hafið

störf þá. Hann hafi þannig engin afskipti haft af neinum greiðslum fyrir þann tíma eða vitað neitt um þær. Hann hafi ekki frétt af þessari tilteknu greiðslu fyrr en um haustið. Annars telji hann sig muna að ekki hafi verið um þóknun að ræða heldur lán samkvæmt skuldabréfi. Annað geti hann ekki upplýst um þessa greiðslu.

Niðurstaða

Af framburði Jóns Björnssonar um þessa greiðslu og gögnunum sem hana varða er ekki hægt að ráða annað en að um hafi verið að ræða kaupréttargreiðslu sem dulbúin var sem lán til hans. Þá liggur fyrir að hann fékk þessa fjárhæð greidda inn á reikning sinn hjá Kaupþingi í Lúxemborg. Á það er að líta að greiðsla þessi var til hátt setts manns hjá félaginu. Þá var hún fyrir utan venjuleg launakjör starfsmanna þess. Bar ákærða sérstök skylda, vegna stöðu sinnar hjá félaginu og sérþekkingar, að gæta þess að hennar væri getið í skilagreini og að félagið stæði skil á staðgreiðslu af henni. Dugar ákærða ekki að bera það fyrir sig að hafa farið af landi brott daginn eftir að hann tók við starfi framkvæmdastjóra félagsins og dvalið erlendis þrjár fyrstu vikurnar í starfinu. Verður að meta ákærða það til stórkostlegs hirðuleysis að hafa ekki látið gera skilagreini um þessa greiðslu og staðgreiða af henni skatt á þeim tíma sem lög ákveða, sbr. það sem segir um þetta undir lið II.2.b hér að framan. Hefur hann með þessari vanrækslu orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

IV. Brot ákærðu Jóns Ásgeirs, Kristínar og fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í rekstri þess félags.

1: Ákærðu Jón Ásgeir og Gaumur ehf. vegna rangra skilagreina 1999.

a. Rangar skilagreinar varðandi laun til Vilhjálms Einarssonar.

Samkvæmt gögnum úr hlutafélagaskrá var ákærði Jón Ásgeir stjórnarmaður og prókúruhafi í Gaumi á því tímabili sem hér um ræðir. Framan af eða til 30. ágúst 1999 var Jóhannes Jónsson framkvæmdastjóri félagsins að ákærða Kristín tók við því starfi. Í skýrslu, sem ákærði gaf hjá skattrannsóknarstjóra í maí 2004, kvaðst hann hafa starfað sem framkvæmdastjóri í hlutastarfi fyrir félagið árin 1998 og 1999 og fram á árið 2000. Þá hefði hann verið einn af stofnendum félagsins, eigandi hlutfjár og stjórnarmaður frá upphafi. Hefði félagið á þessum tíma fengist við veitingarekstur, rekstur fasteigna og fjárfestingar. Í skýrslu hjá ríkislögreglustjóra í apríl 2006 sagðist hann þannig hafa í reynd verið framkvæmdastjóri með föður sínum Jóhannesi og systur sinni, meðákærðu Kristínu, eftir að hún tók við sem framkvæmdastjóri. Hann kvaðst hafa þegið laun frá Baugi fyrir þennan starfa en á móti hefði Gaumur greitt fyrir vinnuframlag hans til Baugs. Í skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra í maí 2004 sagði Jóhannes Jónsson að á þeim tíma sem hann hefði verið framkvæmdastjóri hefði hann sjálfur haft lítil afskipti af daglegum rekstri félagsins og hefðu þau Jón Ásgeir og Kristín sinnt honum. Auk þeirra þriggja hefðu starfað hjá félaginu bókarari og endurskoðandi.

Fyrir dómi hefur ákærði sagt að hann hafi ekki verið framkvæmdastjóri Gaums á þessum tíma heldur hafi Jóhannes Jónsson verið það. Hann kveðst hins vegar hafa gengið í ýmis störf fyrir félagið og verið stjórnarmaður í því. Minni hann að hann hafi átt um 40 % hlutfjár í félaginu. Hans aðalstarf á þessum tíma hafi hins vegar verið það að reka Bónus.

Jóhannes Jónsson hefur sagt að hann hafi verið einn af aðaleigendum Gaums á þessum tíma. Hann hafi verið framkvæmdastjóri félagsins þar til ákærða Kristín tók við af honum. Hann staðfestir að frásögn ákærða í skýrslu hjá ríkislögreglustjóra í apríl 2006 sé rétt.

Meðal gagna málsins eru margvísleg bókhaldsgögn frá Gaumi ehf. varðandi þetta tímabil þar sem fram kemur að maður að nafni Vilhjálmur Einarsson, frændi ákærðu Jóns Ásgeirs og Kristínar, hefur þegið greiðslur frá félaginu á þeim tíma sem hér skiptir máli. Er gerð grein fyrir þessum greiðslum í yfirliti sem embætti ríkislögreglustjóra hefur gert í málinu og einnig tveimur tilvikum þar sem talið er að um bílahlunnindi Vilhjálms sé að ræða. Er þessi ákæruliður byggður á yfirlitinu. Bókhaldsgögnin bera það með sér að vinna Vilhjálms hefur að mestu verið fölgin í snúningum og bílaþrifum fyrir félagið og að laun til hans fyrir þetta hafa verið reiknuð eftir vinnustundum sem hann gaf starfsmanni ákærða upp. Yfirvöld hafa talsvert haft fyrir því að rannsaka sýslur Vilhjálms Einarssonar fyrir Gaum ehf. Þannig sagði ákærða Kristín í yfirheyrslu hjá skattrannsóknarstjóra í maí 2004 að Vilhjálmur hefði verið á vegum Jóns Ásgeirs hjá félaginu en Jón Ásgeir sagði í skýrslu í maí þetta sama ár að félagið hefði litið á Vilhjálms sem verktaka og því hefðu ekki verið talin fram á hann laun. Hefði vinna hans árið 1999 verið viðhaldsvinna, bílaþrif og ýmsir snúningar. Loks liggur það fyrir að félagið taldi greiðslurnar til Vilhjálms ekki fram sem laun á hann, lét ekki innheimtumanni ríkissjóðs í té skilagrein um launagreiðslur til hans og gerði ekki skil á staðgreiðslufé af þeim.

Fyrir dómi hafa ákærðu Jón Ásgeir og Kristín og þeir Jóhannes Jónsson og Vilhjálmur borið að sá síðastnefndi hafi unnið fyrir félagið sem verktaki.

Niðurstaða

Sem fyrr segir voru störf Vilhjálms að mestu leyti snúningar og þrif á bílum í eigu félagsins. Ekki verður séð að Vilhjálmur hafi verið sjálfstæður í þessum verkum sínum eða lagt annað til þeirra en persónulegt vinnuframlag sitt og þegið laun í tímavinnu, m.ö.o. að hann hafi verið daglaunamaður hjá félaginu. Greiðslurnar til hans voru því laun en ekki verktakagreiðslur eins og ákærði heldur fram. Ákærði Jón Ásgeir hafði beint yfir þessum ættingja sínum að segja, var stjórnarmaður í félaginu, eigandi og atkvæðamaður. Var honum því skylt að gæta þess að launagreiðslanna til Vilhjálms væri getið í skilagrein og að félagið stæði jafnframt skil á staðgreiðslu af þeim. Verður að meta honum það til stórkostlegs hirðuleysis að svo skuli ekki hafa verið gert og hefur hann með þessari vanrækslu orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Rangar skilagreinar varðandi bílahlunnindi Vilhjálms Einarssonar.

Í gögnum málsins er ekki að finna samning um bílahlunnindi Vilhjálms. Ekki er þar heldur að finna önnur gögn sem bendi sérstaklega til þess að hann hafi haft slík hlunnindi. Þá hefur enginn þeirra, sem skýrslur hafa gefið í málinu, borið í þessa veru. Þvert á móti ber þeim saman um að Vilhjálmur hafi notað bílanna í þágu þeirra verka sem hann vann fyrir félagið. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

c. Þáttur fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

Auk ákærða Jóns Ásgeirs er fjárfestingafélagið Gaumur ehf. saksótt samkvæmt þessum ákæruatriði. Samkvæmt 9. mgr. 30. gr. staðgreiðslulaganna má gera lögaðila fêsekt fyrir brot á lögnum, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af því. Ekki er að sjá að athæfið, sem hér er ákært fyrir, hafi verið framið til hagsbóta fyrir félagið og hefur ekki verið reynt að sýna fram á það heldur. Verður enda að telja að annað hafi hér vakað fyrir ákærða. Í reynd er um hagsbæturnar óverulegar að ræða og tengdar greiðslum í lífeyrissjóð og greiðslum tryggingargjalds. Ber því að sýkna félagið af þessum ákæruatriði.

2: Ákærðu Kristín og Gaumur ehf. vegna rangra skilagreina árin 1999, 2000, 2001 og 2002.

Samkvæmt gögnum málsins og framburði ákærðu og annarra varð hún framkvæmdastjóri Gaums ehf. 27. ágúst 1999 þegar faðir hennar, Jóhannes Jónsson, lét af þeim starfa, eins og áður er fram komið.

a. Rangar skilagreinar varðandi bílahlunnindi ákærða Jóns Ásgeirs og Vilhjálms Einarssonar.

Um leið og vísað er til þess sem rakið var og ályktað hér að framan um bílahlunnindi ákærða Jóns Ásgeirs og Vilhjálms Einarssonar ber þegar að sýkna ákærðu af því að hafa ekki talið slík hlunnindi fram á þá til staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Rangar skilagreinar varðandi launagreiðslur til Vilhjálms Einarssonar.

Koma þá til álita greiðslur frá Gaumi ehf. til Vilhjálms Einarssonar. Ákærða segir Vilhjálmi hafa unnið sem verktaki fyrir félagið og hafa aðrir borið með henni um það, eins og rakið var. Hafi hann unnið verk fyrir félagið að beiðni Jóns Ásgeirs og Jóhannesar. Hafi verið um að ræða þrif á bílum félagsins og tilfallandi snatt. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur við Vilhjálmi um þessi verk.

Meðal gagna málsins eru margvísleg bókhaldsgögn frá Gaumi ehf. varðandi þetta tímabil þar sem fram kemur að Vilhjálmur Einarsson hefur þegið greiðslur frá félaginu í september 1999 og í janúar, febrúar, apríl og júní 2000. Er gerð grein fyrir þessum greiðslum í yfirlitinu, sem vikið var að og embætti ríkislögreglustjóra hefur gert í málinu, samtals 1.157.200 krónum. Er þessi ákæruatriður byggður á því

yfirliti. Á sama hátt og segir í umfjöllun dómsins um lið 1 hér að framan, bera bókhaldsgögnin það með sér að vinna Vilhjálms var að mestu fólgin í snúningum og bílaþrifum fyrir félagið og að laun til hans fyrir þetta voru reiknuð eftir vinnustundum sem hann gaf upp.

Niðurstaða

Ekki verður séð að Vilhjálmur hafi verið sjálfstæður í þessum verkum sínum fyrir félagið á því tímabili sem hér um ræðir eða lagt annað til þeirra en persónulegt vinnuframlag sitt og þegið fyrir það laun í tímavinnu. Verða greiðslurnar til hans því taldar laun en ekki verktakagreiðslur sem ákærða segir þær hafa verið. Ákærða var framkvæmdastjóri félagsins á þeim tíma sem hér um ræðir. Var henni því skylt að gæta að því að launagreiðslanna til Vilhjálms væri getið í skilagrein og að félagið stæði jafnframt skil á staðgreiðslu af þeim. Verður að meta ákærðu það til stórkostlegs hirðuleysis að svo skuli ekki hafa verið gert og hefur hún með þessari vanrækslu orðið sek um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

c. Rangar skilagreinar varðandi launagreiðslur til Jóns Ásgeirs.

Meðal greiðslna til ákærða Jóns Ásgeirs, sem ákært er fyrir að ekki hafi verið taldar fram og greidd staðgreiðsla af, eru 59.200.000 krónur, sbr. lið 4.B.b hér að framan. Ákærða segir um þennan lið að um endurgreiðslu láns hafi verið að ræða. Dómurinn hefur þegar fjallað um þetta atriði og komist að þeirri niðurstöðu að um launagreiðslu til hans hafi verið að ræða. Ákærða var framkvæmdastjóri félagsins á þeim tíma sem hér um ræðir. Var henni því skylt að gæta þess að launagreiðslu þessarar væri getið í skilagrein og að félagið stæði jafnframt skil á staðgreiðslu af henni. Verður að meta ákærðu það til stórkostlegs hirðuleysis að þetta skuli ekki hafa verið gert og hefur hún með þessari vanrækslu orðið sek um brot gegn 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Á margnefndu yfirliti lögreglunnar er greiðsla að fjárhæð 50.820 krónur sem sögð er vera dulin launagreiðsla til Jóns Ásgeirs 31. janúar 2000. Greiðsla þessi er hluti af vantöldum launagreiðslum í ákærinni undir janúar 2000. Í yfirlitinu er vísað um hana til skjals í gögnum málsins sem ekki ber saman við greiðslu þessa og er hún óskýrð. Þá er í yfirlitinu greiðsla að fjárhæð 420.843 krónur. Er vísað um þessa greiðslu til skjals í gögnum málsins sem ekki ber saman við þessa greiðslu og er hún einnig óskýrð. Hefur ákærvaldið ekki reynt að sanna sök á ákærðu að því er þessar greiðslur varðar. Þannig var ákærða ekki spurð út í þessar greiðslur í aðalmeðferð málsins og ekki um þær fjallað að neinu leyti. Verður að telja að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sanna sök á ákærðu varðandi greiðslur þessar. Ber því að sýkna hana af ákærinni að þessu leyti.

d. Þáttur fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

Auk ákærðu Kristínar er fjárfestingafélagið Gaumur ehf. saksótt samkvæmt þessum ákærulið. Samkvæmt 9. mgr. 30. gr. staðgreiðslulaganna má gera lögaðila fésekt fyrir brot á lögnum, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu. Ekki er að sjá að meðferðin á launum til

Vilhjálmss Einarssonar, sem hér er ákært fyrir, hafi verið framið til hagsbóta fyrir félagið og hefur ekki verið reynt að sýna fram á það heldur. Verður enda að telja að annað hafi hér vakað fyrir ákærða. Í reynd hafa hagsbæturnar verið óverulegar og tengdar greiðslum í lífeyrissjóð og greiðslum tryggingargjalds. Ber því að sýkna félagið af því ákæruatriði.

Að því er varðar launagreiðsluna til ákærða Jóns Ásgeirs, að fjárhæð 59.200.000 krónur, er á það að líta að um verulega fjárhæð var að ræða og hlaut framkvæmdastjóra þess, meðákærðu Kristínu, að vera ljóst að félagið nyti hagsbóta af því að telja þetta ekki fram sem laun á meðákærða. Ber því að sakfella félagið fyrir það að hafa gert ranga skilgrein að þessu leyti og að standa ekki skil á staðgreiðslu af þessari launagreiðslu, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

3: Ákærðu Kristín og Gaumur ehf. vegna rangs skattframtals fyrir félagið gjaldaárið 2001 vegna ársins 2000.

a. Tekjur af söluhagnaði af hlutabréfum, 916.105.197 krónur, ekki taldar fram.

Samkvæmt yfirliti yfir seld hlutabréf í Baugi hf. til Gaums Holding SA á árinu 2000 seldi Gaumur ehf. hlutabréf að nafnverði 200 milljónir króna og á markaðsgenginu 12,5. Samkvæmt yfirlitinu var miðað við að skattalegt söluverð væri 2.500.000 krónur, skattalegt stofnverð væri 1.778.592.497 krónur og skattalegur söluhagnaður 721.407.503 krónur. Þá kemur fram að söluhagnaðinum væri „frestað á móti fjárfestingu“ í Gaumi Holding SA, 788 milljónum króna á árinu 2000. Fyrir liggur að söluhagnaðurinn var ekki færður til tekna á skattframtali Gaums ehf. 2001 og þar var heldur ekki gerð grein fyrir frestuninni. Þá liggur fyrir að skattyfirvöld hafa ekki fallist á framtal félagsins að þessu leyti og álíta útreikningana vera ranga miðað við þær forsendur sem þar séu gefnar. Væri rétt skattalegt stofnverð hlutabréfanna 1.594.185.527 krónur ($2.997.669.631/376.075.379 \times 200.000.000$). Samkvæmt þessu hefði skattskyldur hagnaður af sölnunni numið 905.814.473 krónum ($2.500.000.000 - 1.594.185.527$). Þá liggur fyrir að með samningi Gaums ehf. við fyrirtækið NRP ehf., dagsettum 15. nóvember 1999, lofaði Gaumur að selja því félagi hlutabréf, að nafnvirði 10 milljónir króna, fyrir 90 milljónir króna. Að áliti skattyfirvalda var skattalegt stofnverð þessara hlutabréfa, reiknað á sama hátt og hér að ofan 79.709.276 krónur og hagnaður af þessari sölu 10.290.724 krónur. Þannig var hagnaður Gaums ehf. af hlutabréfasölu á árinu 2000 vantallinn, að áliti skattyfirvalda, um 916.105.197 krónur ($905.814.473 + 10.290.724$).

Ákærða Kristín hefur sagt fyrir dómi að endurskoðandi félagsins hafi séð um skattframtal þetta. Kveðst hún vísa því á bug að hagnaðurinn hafi verið rangt talinn fram. Tæknilegar hindranir á rafrænu framtali ríkisskattstjóra hafi komið í veg fyrir það að hægt væri að tilgreina hann. Hafi ekki verið reitur á framtalinu fyrir söluhagnað á hlutabréfum. Um það hvort byggt hafi verið á röngum útreikningi söluhagnaðarins hjá félaginu kveðst hún hafna því að svo hafi verið.

Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Gaums ehf., hefur sagt fyrir dómi að þar sem reikningsskilareglur banni að innleysa hagnað af viðskiptum milli móður- og

dótturfélags hafi hagnaðurinn sem slíkur ekki verið innleystur í ársreikningi Gaums. Það hafi samt þurft að færa þennan 900 milljón króna söluhagnað af bréfunum í skattframtalinu. Söluhagnaður sé skattskyldur en honum megi þó fresta. Á þeim tíma sem um ræðir hafi mátt fresta söluhagnaði um tvenn áramót eða færa hann til lækkunar á stofnverði innlendra hlutabréfa. Þegar hér var komið sögu, árið 2001, hafi verið komið til skjalanna rafrænt skattframtal frá ríkisskattstjóra. Þegar átti að setja þennan söluhagnað inn á framtalið og færa síðan út á móti frestunina á söluhagnaðinum hafi aðeins verið einn reitur, nr. 40.20 á framtalinu en ekki tveir fyrir báðar fjárhæðirnar. Kveðst hann hafa brugðist við þessu með því að setja 0 í þennan reit, þ.e. mismuninn á tveimur jafnháum fjárhæðum. Úr þessu hafi svo verið bætt á næsta rafræna framtali hjá skattinum og búinn til nýr reitur, 40.25 fyrir frestaðan söluhagnað. Þegar svo skattrannsóknarstjóri hafi kannað vinnugögn endurskoðanda vegna skattframtals ársins 2003 hafi komið í ljós af vinnugögnum hvernig söluhagnaðurinn hafði verið reiknaður út og að honum hefði verið frestað, eins og fram komi í skýrslu skattrannsóknarstjóra. Hann hafi ekki sent athugasemd um þetta til skattsins, enda hafi ekki verið unnt að gera á þessu rafræna formi. Þá kveðst hann aðspurður ekki hafa gert skriflega athugasemd til skattsins út af þessu. Hann segist ekki hafa sett sig inn í útreikning skattyfirvalda sem leiddi til þess að söluhagnaðurinn var sagður vantallinn.

Niðurstaða

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga um tekjuskatt skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar á hendi sama eiganda. Hefur dómurinn yfirfarið útreikning skattyfirvalda á söluhagnaði af viðskiptum með hlutabréf í Baugi hf. á árinu 2000 með hliðsjón af þessari reglu og álitur hann vera réttan. Nam hagnaðurinn af sölu bréfanna þannig 916.105.197 krónum. Fyrir liggur að ekki var sérstakur reitur á vefframtali ríkisskattstjóra til þess að telja fram söluhagnað sem framteljandi kaus að fresta skattlagningu á, eins og síðar varð. Þá liggur það einnig fyrir að af hálfu félagsins var ekki send inn athugasemd til skattyfirvalda um þetta atriði. Loks liggur það fyrir að í vinnugögnum endurskoðanda félagsins fundust gögn sem styðja það sem fram er komið að ætlunin hafi verið að fresta skattlagningu söluhagnaðarins. Á hinn bóginn verður að líta til þess að ekki var unnt fyrir skattyfirvöld að sjá það af ársreikningi félagsins að skattlagningunni hefði verið frestað og einnig til þess að engin athugasemd var send um þetta til skattyfirvalda. Þar sem hér var um að ræða gríðarháa fjárhæð bar ákærðu að gera skattyfirvöldum skýra og skriflega grein fyrir því að söluhagnaður hefði orðið og að ætlunin væri að fresta skattlagningu hans, úr því að ekki var hægt að gera það á rafrænu eyðublaði skattsins. Með því að láta þetta hjá líða gerðist ákærða sek um að hafa með stórkostlegu hirðuleysi skýrt villandi frá atriði sem máli skipti um tekjuskatt félagsins og um brot gegn 1. mgr. 109. laga um tekjuskatt, áður 1. mgr. 107. gr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

b. Oftalin vaxtagjöld í bókhaldi og skattframtali, 15.700.075 krónur.

Í málinu er kvittun frá Íslandsbanka, dagsett 20. desember 2000, fyrir millifærslu á 15.700.000 krónum af reikningi Gaums inn á reikning í Kaupþingi Lúxemborg. Á blaðið er orðið „vaxtagjöld“ handskrifað. Þá er í málinu yfirlit um reikninginn í Íslandsbanka sem einnig sýnir þessa færslu. Loks er að nefna handskrifaða bókunarblað en á því er færð fjárhæðin 15.700.075 og við hana fylgiskjalsnúmer.

Ákærða Kristín hefur fyrir dómi sagt að hún hafi ekki haft með þetta atriði að gera, enda hafi það verið í höndum bókara félagsins. Kveðst hún ekki hafa fylgst með einstökum færslum í bókhaldinu en hún segist vita til þess að þetta hafi verið fært eins og raunin varð fyrir mistök bókarans.

Ragnar Þórhallsson, bókari Gaums, hefur sagt fyrir dómi að hann hafi innt ákærðu Kristínu eftir því hvaða 15,7 milljón króna greiðsla þetta væri sem hefði verið færð inn á Kaupþing í Lúxemborg. Hann kveðst ætla að Kristín hafi sagt að þetta væru vaxtagjöld vegna Gaums Holding, enda hafi hann skrifað „vaxtagjöld“ á færslukvittunina. Aftur á móti hafi honum láðst að skrifa að þetta væri vegna Gaums Holding. Þetta hafi svo orðið til þess að hann hafi gert mistök þegar skjalið var bókfært þar sem ekki stóð á því að þetta væri vegna Gaums Holding. Aðspurður neitar hann því að ákærða Kristín hafi beðið hann um að færa þetta sem vaxtagjöld hjá Gaumi.

Niðurstaða

Dómurinn álitur að ekki verði útilokað að umrædd vaxtagjöld hafi verið ranglega færð í bókhaldi Gaums fyrir handvömm eða mistök bókara. Áður var sagt að á skattskyldum manni hvíli sú skylda að gæta þess að rétt sé talið fram. Skylda þessi og ábyrgð hvílir einnig á fyrirsvarsmanni lögaðila samkvæmt 3. mgr. 90. gr., áður 91. gr., og 1. mgr. 109. gr., áður 107. gr., laga um tekjuskatt. Eins rakið var, sá bókari félagsins um að færa þessa greiðslu í bókhaldi félagsins. Aftur á móti hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að ákærða Kristín hafi haft með það að gera að gjöldin voru færð í bókhaldinu með þeim hætti sem raun varð á. Lítur dómurinn svo á að sú skylda verði ekki með sanngirnri lögð á herðar fyrirsvarsmanni lögaðila að hann fari yfir og leiðrétti slíkar bókhaldsfærslur. Verður ákærðu ekki reiknað það til stórfellds hirðuleysis að hafa vegna þessarar röngu færslu vantalið vaxtagjöldin í framtali félagsins. Ber því að sýkna hana af þessum ákærulið.

c. Refsiábyrgð Gaums ehf.

Samkvæmt 8. mgr. 109. gr., áður 107. gr., laga um tekjuskatt er heimilt að gera lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmannur hans eða starfsmannur gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Í íslenskri löggjöf er refsíabyrgð lögaðila undantekning frá hinni almennu reglu, að refsíabyrgð hvíli á einstaklingi.

a-liður 3. tl. IV. kafla ákæru.

Samkvæmt skattframtali félagsins fyrir rekstrarárið 2000 var yfirfæranlegt tap félagsins 214.388.835 krónur þegar tekið hafði verið tillit til frestunar söluhagnaðar. Þá var í 5. mgr. 17. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt heimild til þess að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa um tvenn áramót frá söludegi. Það að ekki var gerð grein fyrir þessum hagnaði gat því ekki haft áhrif á niðurstöðuna í framtalinu og álagningu skatts á félagið. Engar vísbendingar eru um það heldur að ætlunin hafi verið að félagið kæmist hjá því að greiða tekjuskatt af söluhagnaðinum. Eins og málið er vaxið þykja ekki vera efni til þess að gera Gaumi ehf. refsingu fyrir brot samkvæmt staflíð a í 3. tl. IV. kafla ákærunnar.

b-liður 3. tl. IV. kafla ákæru.

Áður sagði að ekki yrði útilokað að 15.700.075 krónur vaxtagjöld hefðu verið færð í bókhaldi vegna mistaka bókara. Var ákærða Kristín sýknuð af ákærunni að þessu leyti. Þykja ekki heldur vera efni til þess að gera félaginu refsingu vegna þessa atriðis og ber að sýkna félagið af refsikröfu.

4: Ákærðu Kristín og Gaumur ehf. vegna oftalinna gjalda í skattframtali fyrir félagið gjaldaárið 2002 vegna ársins 2003 út af niðurfærslu hlutabréfa í NRG Pizza AB, 74.000.000 krónur.

a. Refsíabyrgð ákærðu Kristínar.

Í ársreikningi Gaums ehf. fyrir tekjuárið 2002 er undir liðnum fjármunatekjur og fjármagnsgjöld gjaldfærð niðurfærsla hlutabréfa, 74 milljónir króna. Þá kemur sama fjárhæð fram á skattframtali félagsins í reit 36.50. Aftur á móti verður það ekki séð af vinnugögnum endurskoðanda að þessi fjárhæð hafi verið færð til baka og er hún því meðal gjalda sem koma til frádráttar tekjum á þessu ári og gjaldstofninn lækkaður sem því nemur. Í skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 18. maí 2004 sagðist ákærða halda að um væri að ræða hlutabréf í fyrirtækinu NRG AB í Svíþjóð, en Gaumur ehf. átti 43% hlut í því fyrirtæki. Í skýrslu hjá embættinu 10. maí 2004 sagði Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Gaums ehf., að um væri að ræða niðurfærslu hlutabréfa í þessu félagi vegna taprekstrar. Hefði hún verið ákveðin á hluthafafundi í því félagi og hefði ákærða Kristín þá verið viðstödd. Aftur á móti kvaðst hann ekki geta fullyrt að heimilt hefði verið að draga þessa niðurfærslu frá tekjum.

Ákærða hefur borið fyrir dómi að hún hafi ekki gefið fyrirmæli um þessa færslu í framtalinu og hafi endurskoðandinn ákveðið að svo skyldi gert og gert þetta í lokafærslum endurskoðanda. Hún kannast við að hafa verið á hluthafafundi í NRG Pizza AB þegar ákveðið var að færa niður verð hlutabréfanna.

Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Gaums ehf., hefur sagt fyrir dómi að hlutaféð hafi verið talið tapað og því verið færðar niður í reikningsskilunum 74 milljónir króna. Fyrir mistök hafi honum láðst að bakfæra þessa fjárhæð á skattframtali félagsins, enda muni þetta líklega ekki hafa verið ekki frádráttarbært á þessum tíma. Hann segir oft vera „erfitt að stemma sig af við svona hluti“. Hann kveðst álíta þetta vera „skattatæknilegt mál“ og af 19 ára reynslu sinni sem endurskoðandi geti hann sagt að rétt hefði verið að gefa kost á því að leiðrétta þetta á skattstofustigi án eftirmála.

Vísað er til þess sem áður hefur verið sagt um ábyrgð og skyldur framtalsskyldra aðila, bæði einstaklinga og fyrirsvarsmanna löggjafaraðila. Hér var um að ræða verulega fjárhæð sem færð var til gjalda á móti tekjum í skattframtalinu í andstöðu við 1. tl. 5. mgr. 31. gr. nýrri og eldri laga um tekjuskatt. Ákærða Kristín átti þátt í því að hlutafé NRG Pizza AB var fært niður og bar henni að gæta þess sérstaklega að rétt væri með þetta atriði farið í skattframtali félagsins. Meta verður ákærðu það til stórkostlegs hirðuleysis að hafa látið telja þessa niðurfærslu hlutafjár í NRG Pizza AB til gjalda á móti tekjum Gaums ehf. Telst hún því hafa brotið gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

b. Refsiábyrgð Gaums ehf.

Samkvæmt skattframtali félagsins 2003 var yfirfæranlegt tap 742 milljónir króna. Það verður því ekki séð að þessi gjaldfærsla í skattframtalinu hefði breytt neinu um álögð gjöld samkvæmt þessu framtali. Þykja ekki vera efni til þess að gera félaginu refsingu vegna þessa atriðis og ber að sýkna félagið af refsikröfu vegna þessa sakaratriðis.

V. Brot ákærðu Jóns Ásgeirs og Kristínar í rekstri fjárfestingafélagsins Gaums ehf. (hf.)

a. Brot ákærðu samkvæmt 2. mgr. (ekki 1. mgr., eins og segir í ákæru) 109. gr., áður 2. mgr. 107. gr., skattalaga.

Ákærðu er gefið að sök „meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa látið undir höfuð leggjast að skila skattframtali fyrir Gaum ehf. (hf.) gjaldaárið 1999 vegna fyrstu 6 mánaða ársins 1998...“

Fyrir liggur að í júní 1998 var Gaumi ehf. skipt upp í tvö félög, Gaum hf. og fjárfestingafélagið Gaum ehf. Þá liggur það einnig fyrir að á skattframtali gjaldárið 1999 var gerð grein fyrir tekjum Gaums ehf. á fyrstu sex mánuðum ársins 1998 í sameiginlegu framtali fyrir allt það árið bæði vegna félagsins sem skipt var og þeirra félaga sem urðu til við skiptinguna. Ætla mætti að fyrir ákærvaldinu hafi vakað að saksækja ákærðu fyrir það að hafa ekki talið fram tekjur félagsins fyrstu sex mánuði ársins í sérstöku framtali en í því tilviki hefði borið að taka það skýrt fram. Eins og ákæruliðurinn er úr garði gerður er ekki annars kostur en að sýkna ákærðu þegar af þessari sakargift og kemur því ekki til álita í málinu hvort það var yfir höfuð refsivert fyrir ákærðu að telja ekki fram í sérstöku framtali tekjur félagsins á fyrri helmingi ársins 1998, eða þar til því var skipt.

b. Brot ákærðu samkvæmt 1. mgr. 109. gr., áður 1. mgr. 107. gr., skattalaga.

Þá er ákærðu í þessum ákærukafla gefið að sök að „hafa vantalið skattskyldar tekjur félagsins um kr. [174.809.492], sem skattskyldar eru samkvæmt B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, að teknu tilliti til nýtingar heimildar til að fresta tekjufærslu á kr. 107.030.554 af söluhagnaðinum af sölu á hlutabréfum. Söluhagnaðurinn sem samtals nam kr. [281.840.046], var af sölu félagsins á 25 % eignarhluta Gaums ehf. í félögunum Bónus sf., Ísperi ehf. og Bónusbirgðum ehf. og 12,5 % eignarhlut í Baugi ehf. sem gengu, ásamt peningalegri milligjöf, til greiðslu á kaupverði vegna kaupa Gaums ehf. á 25 % hlutafjár í fyrirhuguðu félagi, Hagkaupi hf., sem síðar fékk kennitöluna 000000-0000, samkvæmt kaupsamningi Gaums ehf. (hf.) við eigendur Hagkaupa hf., kt. 000000-0000, dags. 3. júní 1998, og hafa með þessu komið félaginu undan greiðslu tekjuskatts að fjárhæð kr. [52.442.848]“.

Skilja verður þetta atriði ákærunnar svo að ákærðu sé gefið að sök að hafa skýrt rangt eða villandi frá í skattframtali með því að vantelja skattskyldar tekjur félagsins fyrstu sex mánuði ársins 1998, eins og þar er útlistað.

Í tilkynningu til hlutafélagaskrár hinn 6. desember 1995 um nýjar samþykktir fyrir Ísalda hf. kemur fram að Kristín Jóhannesdóttir er formaður stjórnar félagsins og Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson eru meðstjórnendur og prókúruhafar. Hinn 28. október 1998 er hlutafélagaskrá tilkynnt, að á fundi daginn áður, 27. október 1998, hafi nafni Ísalda ehf. verið breytt í fjárfestingafélagið Gaum ehf. Síðan var tilkynnt um kjör á endurskoðanda. Stjórn félagsins var þannig óbreytt. Hinn 16. nóvember 1999 tilkynna Jóhannes Jónsson og Kristín Jóhannesdóttir hlutafélagaskrá að fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hafi frá og með 30. júní 1998 tekið við öllum eignum og skuldum Gaums hf., réttindum og skyldum að undanskildum nánar tilgreindum eignarhlutum. Hluthafar Gaums hf. hafi einungis fengið hluti í fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. í skiptum fyrir hlutabréf sín í Gaumi hf. Í gögnum málsins kemur fram að til sé árshlutauppgjör fyrir Gaum hf. Í tilkynningu til hlutafélagaskrár dagsettri 30. ágúst 1999 er stjórn fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og framkvæmdastjórn breytt þannig að Jóhannes varð stjórnarformaður og Jón Ásgeir og Kristín voru meðstjórnendur. Tekið var fram að Kristín væri kjörin í framkvæmdastjórn félagsins og síðan er handrituð viðbót við tilkynninguna um að hún sé einnig prókúruhafi. Hinn 31. maí 2000

tilkynnir KPMG Hluta félagskrá um samruna Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf.

Fyrir liggur að árið 1998 fór fram gagnger endurskipulagning á félögum í eigu Gaums. Þær tekjur sem talið er að hafi verið rangt taldar fram voru hagnaður af sölu á fjórðungi af eignarhluta Gaums í félögunum Bónus sf., Ísþori ehf. og Bónusbirgðum ehf. Ennfremur af sölu á áttunda hluta hlutabréfa í Baugi ehf. sem hafi orðið hluti af greiðslu fyrir fjórðungshlut í Hagkaupum hf.

Rétt er að rekja í stuttu máli sögu þessa þáttar málsins. Ríkisskattstjóri og yfirskattanefnd fjölluðu um það í úrskurðum árið 2004 og 2007 og var það niðurstaða í báðum úrskurðunum að vantalin hefði verið söluhagnaður að fjárhæð 668.519.432 krónur, upphaflega fjárhæðin í þessum ákærulið. Var á því byggt að miða bæri við söluverð í kaupsamningi 19. júní s.á., þar sem seldur var 75% hluti Hagkaupa hf., þegar söluverð 25% eignarhlutar Bónusar sf. var metið og söluhagnaður stefnanda skattlagður. Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu í febrúar 2008 og krafðist þess aðallega að felld yrði niður þessi tekjuviðbót í skattskilum félagsins árið 1999 vegna tekjuársins 1998 vegna meints söluhagnaðar af sölu á 25% eignarhluta í Bónus sf. við kaup stefnanda á hlutabréfum í Hagkaupum hf., en til vara að í stað 668.519.432 króna yrðu félaginu færðar til tekna 174.809.492 krónur í skattskilum þess árið 1999 vegna söluhagnaðar af sölu á 25% eignarhluta í Bónus sf. við kaup stefnanda á hlutabréfum í Hagkaupum hf. Í endanlegum dómi í málinu, sem gekk 18. desember 2008, var þessi viðmiðun skattfyrivalda ekki talin standast þar sem mismunandi forsendur hefðu ráðið verði bréfanna í þessum tveimur tilvikum og ekki væri unnt að líta svo á að um raunverulega jafngild verðmæti hafi verið að ræða. Mætti ekki eingöngu miða við dagsetningar samninganna, 3. og 19. júní 1998, þegar leyst væri úr því hvort þeir hefðu verið gerðir á sama eða sambærilegum tíma. Fyrri samningurinn ætti sér augljóslega langan aðdraganda en hann væri byggður á samkomulagi sem gert var 31. desember 1997. Þótt þar hefði ekki komið fram verðmat, hefði slíkt mat verið gert stuttu síðar eða 9. janúar 1998. Við mat á eðlilegu verði yrði að miða við mun eldri dagsetningu en gert var í úrskurðunum þar sem tekið væri tillit til aðstæðna og aðdraganda samningsins. Á þessum tíma hefðu hvorki hlutabréf í Hagkaupum hf. né hlutur í Bónus sf. verið á markaði og því hefði að hluta til verið stuðst við þau verðmæti sem aðilar töldu þá að væru sanngjörn út frá rekstrarlegu sjónarmiði. Þá væri þess einnig að gæta að í aðdraganda kaupsamningsins 19. júní hefði fyrst verið boðinn helmingur endanlegs kaupverðs fyrir 75% hluta í Hagkaupum hf., en þegar ekki hefði verið fallist á það tilboð hefðu menn sæst á tvöfalt herra verð. Væri því mjög líklegt að kaupverðið 19. júní 1998 hefði verið umfram raunveruleg verðmæti og að aðrir hagsmunir hefðu verið í húfi en þau verðmæti sem um var að tefla þegar samningurinn var gerður 3. júní s.á.

Þá kemur fram í dóminum að útreikningar skattrannsóknarstjóra á vantöldum tekjum stefnanda umrætt ár væru miðaðir við að félaginu hefði að minnsta kosti borið að nota til viðmiðunar verðmætið frá 9. janúar 1998, en þar hefði verið miðað við að verðmæti Bónuss sf. væri 1.300.000.000 krónur. Þar sem um væri að ræða sölu á fjórðungs hlut í fyrirtækinu yrði að miða við að verðmat hins selda hefði verið 325.000.000 króna. Söluhagnaður af því væri 174.809.492 krónur. Þar sem þeim útreikningi hefði ekki verið mótmælt af hálfu félagsins væri rétt að miða við þá fjárhæð. Ákærvaldið hefur, eins og áður er komið fram, breytt

fjárhæðum ákæruliðarins í samræmi við þessa niðurstöðu dómsins.

Ákærði Jón Ásgeir kveðst ekki hafa komið að skattskilum félagsins sem hafi verið á vegum Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda. Um það atriði að hann er í ákærinni sagður vera „starfandi framkvæmdastjóri“ segir hann að það sé „náttúrulega eitthvað nýheiti“ en framkvæmdastjóri félagsins á þessum tíma hafi verið Jóhannes Jónsson. Hann kveðst hins vegar hafa komið að samningunum um endurskipulagningu félaganna. Hann segir meðákærðu hafa verið erlendis á þeim tíma og ekki haft afskipti af því máli. Framkvæmdastjóri félagsins að lögum hafi verið Jóhannes Jónsson. Ákærði kveðst hvorki hafa verið starfandi framkvæmdastjóri né framkvæmdastjóri að lögum. Hann kveðst hins vegar hafa gengið í ýmis störf fyrir félagið og verið stjórnarmaður. Til þessa verkefnis að endurskipuleggja félögin hafi verið fengnir hinir færustu menn. Bókhaldi Gaums ehf. hafi verið hagað í samræmi við samningana sem gerðir voru um breytingarnar og skattskilin hafi þar af leiðandi byggst á þeim.

Ákærða Kristín var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. frá 27. ágúst 1999 samkvæmt tilkynningu til hlutafélagskrár 30. sama mánaðar. Þá segir hún um hlutverk meðákærða í félaginu að hann hafi tekið að sér ýmis verkefni fyrir félagið. Hún segist ekki hafa talið sjálf fram fyrir félagið og hafi það verið í höndum endurskoðandans, Stefáns Hilmarssonar. Hafi hún engin fyrirmæli gefið honum um hans störf og ekki heldur bókara félagsins, Ragnari Þórhallssyni. Hún kveðst ekki hafa haft nein afskipti af rekstri félagsins fyrr en hún gerðist framkvæmdastjóri þess, 27. ágúst 1999 eins og fyrr segir. Kveðst hún hafa fram að því átt heima erlendis í rúm fjögur ár. Hún segist hafa verið stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í Gaumi hf. Hún segist ekki hafa haft með skipulagsbreytingarnar á félögunum að gera þar sem hún hafi þá verið erlendis. Að þeim hafi komið Jón Ásgeir og Jóhannes. Hafi þeir báðir séð um framkvæmdastjórnina meðan hún var fjarverandi. Hún segir endurskoðanda félagsins, Stefán Hilmarsson, hafa ráðið því að talið var fram í einu lagi fyrir fjárfestingafélagið Gaum ehf.

Stefán Hilmarsson hefur skýrt frá því að hann hafi einn ráðið því hvernig framtalínu var hagað og hann hafi ekki fengið nein fyrirmæli frá ákærðu um það hvernig talið skyldi fram. Skattskilin hafi verið byggð á þeim samningum sem lágu fyrir um kaup og sölu á hlutabréfum. Mikil óvissa hafi verið um verðmætin á þessum á eignarhlutum í félögunum og sé það fyrst nú nýlega að skorið hafi verið úr um verðmæti hlutabréfanna sem keypt voru og seld. Skattskilin hafi byggt á þeim samningum sem eigendur félaganna gerðu sín á milli 3. júní 1998.

Jóhannes Jónsson hefur sagt að þáttur Kristínar hafi ekki verið neinn í samningunum um endurskipulagningu félaganna heldur hafi hún átt heima erlendis á þeim tíma og fylgst með því ferli úr fjarlægð. Sjálfur hafi hann haft lítil afskipti af þessu, enda hafi hann rekið Bónus á þessum tíma. Aftur á móti hafi Jón Ásgeir verið „aðalsprautan“ í þessu ferli og unnið við það. Þá segir hann að það muni vera rétt sem Jón Ásgeir sagði í lögregluyfirheyrslu 2006 að þeir tveir hefðu til jafns gegnt starfi framkvæmdastjóra á árunum 1998 og 1999. Hefði Gaumur ehf. greitt fyrir vinnuframlag Jóns Ásgeirs til Baugs þar sem hann var á launaskrá hjá því félagi. Segir Jóhannes þetta hafa verið þeim tíma sem Jón Ásgeir var að færa sig yfir til Baugs.

Niðurstaða

Áður en til sakfellingar geti komið fyrir sakirnar í þessum ákæruflokkum þarf dómurinn að fara yfir útreikning skattrannsóknarstjóra, sem ákæran er byggð á, til þess að staðreyna hver hafi verið söluhagnaður félagsins af hlutabréfunum, hafi hann einhver verið. Er ekki unnt að byggja á úrslitum einkamálsins um þetta í sakamálinu. Meðal gagna málsins er að finna samninga um hlutabréfakaupin sem um ræðir og um það hvernig hlutirnir skyldu metnir og nokkur gögn önnur sem snúa að þessum viðskiptum. Þau gögn nægja hins vegar ekki til þess að reikna megi út söluhagnaðinn. Ekki hafa heldur fundist í gögnunum neindir útreikningar frá skattrannsóknarstjóra sem gefi vísendingu um það hvernig þessar hagnaðartölur eru fengnar og þessi útreikningur var ekki reifaður í málflutningi sækjandans. Hefur ákærvaldið ekki fært fram nægileg gögn við aðalmeðferðina sem gera kleift að reikna út söluhagnaðinn. Verður að telja að ákærvaldinu hafi ekki tekist að færa sönnur á brot ákærðu samkvæmt þessum flokkum ákærunnar og ber að sýkna þau af ákærinni að þessu leyti.

Refsing og sakarkostnaður

Saga máls þessa er orðin löng og sviptingasöm. Upphaf hennar er rannsókn ríkislögreglustjóra sem hófst með húsleit í lok ágúst 2002. Af þeirri rannsókn leiddi einnig mál það sem höfðað var gegn ákærðu og fleirum, einkum fyrir auðgunarbrot, brot gegn hlutafélagalögum og brot gegn tollalögum, 1. júlí 2005. Með dómi hæstaréttar Íslands 10. október 2005 var 32 ákæruliðum af 40 vísað frá dómi. Það sem þá stóð eftir af málinu var dæmt í héraðsdómi Reykjavíkur 15. mars 2006 og í hæstarétti 25. janúar 2007. Mál var aftur höfðað 31. mars 2006 á hendur ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva og einum manni til, fyrir sakir sem vísað hafði verið frá dómi, eins og fyrr sagði. Verulegum hluta þess máls var vísað frá dómi í hæstarétti 21. júlí sama ár. Efnisdómur um það, sem þá stóð eftir, var kveðinn upp í héraði 3. maí 2007 og í hæstarétti 5. júní 2008. Atvik þess máls sem hér er til umfjöllunar eru frá árunum 1998 til 2003. Rannsókn á þeim því hófst hjá skattrannsóknarstjóra 17. nóvember 2003 og með kærubréfi þess embættis 12. nóvember 2004 var rannsóknin send ríkislögreglustjóra. Skýrslutökur í málinu hófust þar hins vegar ekki fyrr en um mitt ár 2006 og stóðu fram á haustið. Mál var að lokum höfðað í árslok 2008, eins og áður greinir. Ákærvaldið hefur ekki réttlætt þann langa tíma sem rannsókn málsins tók og telur dómurinn að ákærðu hafi vegna þessa dráttar ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944 og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög um hann nr. 62, 1994. Loks er til þess að líta, að skattyfirvöld hafa þegar lagt 25% álag á hækkun skattstofna hjá ákærðu samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt.

Ákærði Jón Ásgeir hlaut 3 mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsingu en ákærði Tryggvi 12 mánaða skilorðsbundna refsingu í maí 2007 fyrir brot gegn 262. gr. almennra hegningarlaga og var refsingin staðfest í hæstarétti 5. júní árið eftir. Ákærðu Kristínu hefur ekki verið refsað áður. Með vísan til þess sem sagði hér á

undan um óréttlætanlegan drátt á rannsókn málsins þykir mega fresta því að gera ákærðu refsingu og ákveða að refsing í málinu falli niður að liðnu einu ári frá dómsuppsögu, haldi ákærðu almennt skilorð almennt hegningarlaga.

Dómur í máli þessu er reistur á framburði ákærðu og vitna í aðalmeðferð málsins og þeim gögnum sem fjallað hefur verið um fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88, 2008. Ákærinni í málinu fylgja skjöl í þúsundatali en ákærvaldið hefur einungis stuðst við lítið brot af þeim við sönnunarfærslu í málinu. Var augljóslega ekki hugað að því að fjarlægja óþörf skjöl úr rannsókninni þegar ákæra var ráðin, andstætt reglum XVI. kafla laga um meðferð sakamála. Þá er skjalaskráin, sem fylgir gögnunum óaðgengileg og nærri ónothæf sem efnisyfirlit. Virðist hún enda miðuð við þarfir þeirra sem söfnuðu og röðuðu skjölunum undir rannsókninni. Hefur þetta valdið dómendum og verjendum umtalsverðri fyrirhöfn og töfum, allt frá því að farið var að fjalla um réttarfarsatriði í málinu snemma árs 2009. Samkvæmt þessu, og eftir úrslitum málsins, þykir mega ákveða að málsvarnarlaun verjenda ákærðu verði að hálfu leyti lögð á ríkissjóð og að hálfu á ákærðu.

Dæma ber að verjenda ákærða Jóns Ásgeirs, Gestis Jónssyni hrl., skuli greiddar 7.781.000 krónur í málsvarnarlaun, verjenda ákærða Tryggva, Jakob Möller hrl., 5.013.725 krónur í málsvarnarlaun og loks verjenda ákærðu Kristínar og Gaums ehf., Kristínu Edwald hrl., 4.894.500 krónur í málsvarnarlaun. Málsvarnarlaunin greiðast með virðisaukaskatti.

Ekki er kunnugt um annan kostnað af þessu máli.

DÓMSORÐ:

Frestað er því að ákveða refsingu ákærðu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Tryggva Jónssonar, Kristínar Jóhannesdóttur og fjárfestingafélagsins Gaums ehf. Telst refsing þeirra niður fallin að liðnu ári frá dómsuppsögu, haldi ákærðu almennt skilorð.

Málsvarnarlaun verjenda Jóns Ásgeirs, Gestis Jónssonar hrl., 7.781.000 krónur, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu. Málsvarnarlaun verjenda Tryggva, Jakobs Möller hrl., 5.013.725 krónur, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu. Málsvarnarlaun verjenda Kristínar og Gaums ehf., Kristínar Edwald hrl., 4.894.500 krónur, greiði ákærðu óskipt að hálfu en ríkissjóður að hálfu.

Pétur Guðgeirsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Reynir Ragnarsson